



HM-bikarinn goðsagnakenndi kom til landsins í gær í fylgd franska knattspyrnumannsins Christian Karembeu. Bikarinn var til sýnis í Smáralind og fjölmargir lögðu leið sína þangað til að berja hann augum. Það er óskandi að Íslendingar eigi oftari, og vonandi nánari, kynni við bikarinn á Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í Rússlandi í sumar. Sjá síðu 12 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áhyggjuefni ef ekki má refsar fyrir brot

Formaður Félags framhaldsskólakennara segir áhyggjuefni ef skólastjórnendur eru úrræðalausir til að takast á við alvarleg brot eftir álit umboðsmanns Alþingis. Brottvísun pilts fyrir stafrænt kynferðisofbeldi og vopnaburð var ólöglegt. Ráðherra boðar skoðun á verklagi.

MENNTAMÁL Formaður Félags framhaldsskólakennara (FF) segir brýnt að fara yfir hvaða úrræði skólastjórnendur hafi til að bregðast við brotum á skólareglum í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis á dögunum.

Umboðsmaður komst að því að brottvísun 16 ára pilts vorið 2015 hefði verið ólöglegt af hálfu viðkomandi framhaldsskóla og ráðuneytisins.

Pilturinn deildi mynd af fáklæddri skólasystur í lokuðum Facebook-



Guðriður Arnardóttir

hópi og var staðinn að vopnaburði í skólanum sem skólinn áleit alvarleg brot. Umboðsmaður taldi meðal annars að brotið hefði verið gegn rétti piltsins til náms með því að

vísa honum úr skólanum og að grípa hefði átt til annarra ráðstafana fyrst.

Ráðuneytið segist taka undir ábendingar umboðsmanns um verklag og forvarnar gegn kynbundnu ofbeldi og boðar vinnu í þá veru.

„Ráðuneytið hefur nú þegar hafið vinnu við að endurskoða forvarnar gegn kynbundnu ofbeldi í heild sinni þar sem þær hafi ekki haldið í við breyttan veruleika samtíms. Hið sama á við um stafrænt kynferðisofbeldi þar sem stefnu skortir.“

Áhyggjur eru þó af fordæmisgildi niðurstöðunnar og segir Guðriður Arnardóttir, formaður FF, hana vekja áleitnar spurningar.

„Við erum með reglur um hvernig nemendur eiga að haga sér í skólanum en ef nemandi brýtur þær og engin viðurlög eru við því, hvað heldur þá nemendum réttum megin við reglurnar?“

Guðriður segir málið snúið því pilturinn hafi verið barn samkvæmt lögum. Áleitnar spurningar vakni

þó um úrræði sem stjórnendur geti gripið til í alvarlegum brotum.

„Mér finnst við þurfa að setja skýrari línur um hvenær tilefni er til brottvikningar og hvenær gefa á annað tækifæri.“

Ekki megi gleyma þolendum.

„Hver er staða þolandans ef ekki er heimilt að víkja geranda úr skólanum? Við getum ekki búið við að nemendur geti brotið skólareglur, án þess að tryggja sé að viðurlög sem sett eru við því séu ekki ómerk.“ – smj

Séra Ólafur áfrýjar málum

KIRKJUMÁL Séra Ólafur Jóhannsson, sóknarprestur í Grensáskirkju, hefur áfrýjað málunum tveimur þar sem hann var fundinn sekur um að hafa framið siðferðisbrot í skilningi þjóðkirkjulaga til áfrýjunarnefndar. Biskup tók hart á málinu og sendi Ólaf í launað leyfi sem enn er í gildi.

„Úrskurðarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um kynferðislegt ofbeldi að ræða. Því eru ekki rök fyrir því að framleggja það leyfi á þeim forsendum,“ segir Einar Gautur Steingrímsson, lögmaður Ólafs.

Einnig telur Einar Gautur að konurnar hafi samhæft lýsingu á atvikunum að einhverju leyti.

Séra Ólafur þvertur fyrir að hafa viðhaft hátternið sem þær lýsa.

– sa / sjá síðu 4

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Kári Stefánsson skrifar um stjórnámálemn sem reisa veggj og Klambatrún, sem eigi það til að hefna sín. **11**

SPORT Christian Karembeu hefur trú á íslenska landsliðinu á HM í Rússlandi. **12**

LÍFID Ingibjörg Eyfjörð Hólmgeirsdóttir er óhrædd við að vera öðruvísi í útliti. **26**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ
● FÓLK
● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



ÞÚ FINNUR FULLKOMIÐ PAR FYRIR ÞVOTTAHÚSIÐ Í ELKO

SAMSUNG ÞVOTTAVÉL • ÞURRKARI
16.345 KR/MÁN
12 mánaða raðgreiðslur á kreditkort. ÁHK 10,8%.
Alls 196.134 kr. Staðgreiðsluverð 184.990 kr
SAMSUNG WW90J5426FW + DV90M5003W

ELKO

nettó **Páskabæklingur**
Nettó er kominn út!

Vertu með í páskagleðinni

Gerðu góð kaup fyrir páskana

50% AFSLÁTUR

nettó

Veður



Suðaustan stormur suðvestan til á landinu í dag. El suðaustan- og austanlands, rigning eða slydda allra vestast, en úrkomulítið fyrir norðan. Híti 0 til 5 stig um landið sunnan- og vestanvert. **SJÁ SÍÐU 18**



Höfuðborgarlistinn var kynntur til leiks við Ráðhúsið í Reykjavík í gær.

Ætla að reisa tíu þúsund íbúðir í höfuðborginni

KOSNINGAR „Íbúðamálin eru númer eitt, tvö og þrjú hjá okkur. Við viljum ekki missa unga fólkið sem elst héra upp í borginni eða flytur hingað vegna náms.“

Þetta segir Björg Kristín Sigþórsdóttir, formaður og oddviti Höfuðborgarlistans, sem kynnti framboð sitt til sveitarstjórnarkosninga í gær.

Um er að ræða þverpólitískt framboð en listann skipa 46 manns. Björg Kristín segir að til standi að byggja 10.000 íbúðir í Grafarholti, Norðlingaholti og á fleiri stöðum á kjörtímabilinu.

●● **Íbúðamálin eru númer eitt, tvö og þrjú hjá okkur.**

Björg Kristín Sigþórsdóttir, formaður Höfuðborgarlistans

Þá segir Björg að flokkurinn muni stefna að tafarlausri uppbyggingu Sundabrautarinnar. „Hún er þjóðþrifamál í höfuðborginni. Við þurfum að tengja hverfin og tengjast öðrum leiðum út úr borginni.“

Þá segir Björg Kristín að það sé óábyrgt að ráðast í gerð Borgarlínu þegar óvist sé hvernig rekstur hennar muni ganga. „Það er óábyrgt að fara með skattfé almenninga í einhver málefni sem ekki er vítað hverju skilar nákvæmlega.“ – **dfb**

20 útbíðir logar



Listaverkið 20 logar eftir Huldu Hákon sem stendur við Hótel Sögu var atað út í tjöru og fiðri um helgina. Skemmdarverkin voru unnin til höfuðs Recep Tayyip Erdogan, forseta Tyrklandis, og hernaðaraðgerðum Tyrkja í Sýrlandi. Logarnir 20 á skúlptúrnum tákna NATO-rikin. Svona leit listaverkið út í gærkvöld, eftir að reynt hafði verið að þrifa það. Þeirri vinnu verður framhaldið í dag. Málið var tilkynnt til lögreglu. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

Fundarlaun í boði fyrir upplýsingar

LÖGREGLUMÁL Eigendur tölvubúnaðarins sem stolið var úr gagnaveri á Suðurnesjum fyrir nokkrum vikum hafa heitið þeim 6 milljóna króna fundarlaunum sem veitt getur upplýsingar um hvar búnaðinn er að finna.

Fundarlaunin verða greidd til þess sem lögregluþvöld staðfesta að hafi komið ábendingunni fyrstur á framfæri.

Lögreglan rannsakar innbrotin sem þaulskipulagða glæpastarfsemi en alls hafa 23 verið handteknir í tengslum við málið og situr einn maður í gæsluvarðhaldi í tengslum við það. Verðmæti búnaðarins er talið vera nærri 200 milljónum.

Þeir sem búa yfir upplýsingum um málið eru hvattir til að hafa samband við lögregluna á Suðurnesjum í síma 832 0253. – **dfb**

Hringvegurinn allur orðinn fær rafbílum

Með nýrri hleðslustöð á Mývatni eru ekki meira en 100 kílómetrar á milli hleðslustöðva á hringveginum. Flestir rafbílar geta ekið hringvegin án teljandi vandræða. Umhverfisráðherra segir þetta mikilvægt skref í átt að orkuskiptum.

⇒ **Ekki meira en 100 kílómetrar á milli hleðslustöðva**


SAMGÖNGUMÁL Í dag verður ný hraðhleðslustöð Orku náttúrunnar (ON) fyrir rafbíla tekin í gagnið á Mývatni og við það opnast hringvegurinn fyrir rafbíla. Innan við hundrað kílómetrar eru á milli hleðslustöðva fyrirtækisins á hringveginum. „Stór áfangi í samgöngusögu þjóðarinnar,“ segir framkvæmdastjóri ON.

Orkuskipti í samgöngum eru á dagskrá stjórnvalda. Orkuskipti, sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að hraða þrífösun rafmagns, varma-dæluvæðingu á köldum svæðum og auknum innviðum fyrir rafbíla, á að taka föstum tókum á þessu kjörtímabili.

Fjöldi rafbíla hér á landi hefur stórauðist síðustu misseri. Í mars árið 2016 voru þúsund rafbílar á landinu. Í lok árs 2017 nálgudust rafbílar að verða 5.000 talsins. Því má segja að orkuskipti í samgöngum hér á landi séu hröð og rími við markmið um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda í Parísarsamkomulaginu.

„Það er afar ánægjulegt að nú sé með góðu móti hægt að komast eftir öllum hringveginum á rafbil. Orkuskipti í samgöngum eru ein af mörgum aðgerðum sem verið er að vinna að til að mæta alþjóðlegum skuldbindingum okkar í loftslagsmálum. Bætt drægni rafbíla skiptir hér líka miklu máli,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra.

„En nokkrar áskoranir eru enn til staðar, til dæmis heimahleðsla víða í fjölbýlishúsum og mörgum grónari hverfum í þéttbýli og einnig þarf að finna leiðir til að bilaleiguflokkur nýti sér vistvænni bifreiðar,



Virkar hraðhleðslur
Hraðhleðslur á áætlun 2018
Hleðslur á áætlun 2018

●● **Það er afar ánægjulegt að nú sé hægt að komast eftir öllum hringveginum á rafbil.**

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlinda-ráðherra



því þær ráða miklu um endurnýjun bilaflorens,“ segir Guðmundur Ingi. Á er síðan Orka náttúrunnar opnaði leiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur fyrir rafbíla. Nú, ári

síðar, eru hleðslustöðvar fyrirtækisins orðnar 31 talsins og stefnan er að bæta við um 20 stöðvum á næstu mánuðum.

Bjarni Már Júlíusson, framkvæmdastjóri ON, segir þessi tímamót á pari við opnun Skeiðarárbrúar á áttunda áratugnum.

„Það má segja að þetta sé hin síðari opnun hringvegarins sem mun stuðla að umhverfisvænni samgöngum,“ segir Bjarni Már en bilaleigurnar hafa verið tregar til að kaupa inn rafbíla.

„Erlendir ferðamenn eru að koma hingað til að upplifa hreinleikann og því myndu þeir fagna því ef þeim stæði til að kaupa rafbil, það er okkar mat.“ **sveinn@frettabladid.is**

LINDOR

HVÍTT SÚKKULADIEGG





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

COROLLA

PANGAÐ SEM ÞIG LANGAR



Canon myndavél og ferð fyrir
tvo til Evrópu fylgja með



Verð frá: 3.180.000 kr.

Það er engin tilviljun að Toyota Corolla er mest seldi bíll í heimi. Hann byggir á gömlum og traustum grunni, en breytist um leið í takt við tímann og tækninýjungar hverju sinni. Þess vegna eiga allar kynslóðir sína Corollu. Nú færð þú hana á góðu verði með veglegum kaupauka – **ferð til Evrópu fyrir tvo með Icelandair og Canon EOS 800D myndavél, alls að verðmæti 257.900 kr.**

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækini skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Bandarískur sjóður fjárfestir í Heimavöllum

VIÐSKIPTI Leigufélagið Heimavöllir er að ganga frá um þriggja milljarða króna lánasamningi við sjóð í stýringu bandaríska sjóðastýringarfyrtækisins Eaton Vance Management. Þá mun sami sjóður einnig leggja félaginu til um 300 milljónir króna í nýtt hlutafé, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en fjárfestingin er gerð fyrir milli-göngu Fossa markaða. Upplýst var um samkomulagið við Eaton Vance á hluthafafundi Heimavalla í síðustu viku.



Guðbrandur Sigurðsson

Heimavöllir, sem er stærsta leigufélag landsins og var með tæplega 2.000 leigubúðir í rekstri í lok síðasta árs, stefnir að skráningu á aðalmarkaði í Kauphöllinni í byrjun maí. Greint var frá því í Markaðnum,

fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti og fjármál, á miðvikudag að Heimavöllir hefðu fyrir skömmu sagt upp samningi sínum við Kviku banka, sem átti að leiða söluferli á hlutum félagsins við skráningu á hlutabréfmarkaði, og ráðið Landsbankann í staðinn. Leigufélagið hefur í hyggju að sækja sér nýtt hlutafé fyrir jafnvirði um 1.500 milljóna króna.

Fjárfestingarsjóðir í stýringu Eaton Vance hafa mjög látið til sín taka á íslenskum hlutabréfmarkaði á undanförunum tveimur árum

og eru í hópi stærstu hluthafa í mörgum skráðum félögum. Þá veitti sjóðastýringarfyrtækið Almenna leigufélaginu, næststærsta leigufélagi landsins, í byrjun þessa árs um fjögurra milljarða króna lán, en sú fjárfesting var einnig fyrir milli-göngu Fossa markaða.

Í árslok 2017 nam virði fjárfestingareigna Heimavalla 53,6 milljörðum. Hagnaður leigufélagsins var um 2,7 milljarðar og jókst hann um 500 milljónir á milli ára. Matsbreyting fjárfestingareigna, sem

nam rúmlega 3,8 milljörðum á árinu 2017, litaði hins vegar mjög afkomu félagsins. Rekstrarhagnaður Heimavalla fyrir matsbreytingu eigna var þannig 1.622 milljónir króna í fyrra á sama tíma og fjármagnskostnaður félagsins var nærri 1.960 milljónir.

Leigufélagið hefur því að undanförunni unnið mjög að því að reyna að endurfjármagna skuldarnar á hagstæðari lánakjörum. Samtals námu vaxtaberandi langtímaskuldir þess liðlega 32 milljörðum króna í lok síðasta árs. – ha

FRÉTTABLAÐIÐ IS

MEST LESIÐ



1 Röð út úr húsi til að berja HM bikarinn augum

2 Höfuðborgarlistinn kynnir framboð sitt

3 Sameining Fjarðabyggðar og Breiðdalsvíkur samþykkt

4 Vélarvana báti bjargað við Reykjavíkurhöfn

5 Unnu skemmdarverk á 20 logum Huldu Hákon

Séra Ólafur sakar konurnar fimm um samantekinn ráð

Lögmaður Ólafs Jóhannssonar, sóknarprest í Grensáskirkju, telur að fimm konur sem sökuðu Ólaf um kynferðislega áreitni hafi samhæft atvikaýsingu. Ólíklegt þykir að hann snúi aftur til starfa á árinu á meðan áfrýjunarnefnd hefur málin til meðferðar. Hann þvertur fyrir að hafa sýnt það hátterni sem konurnar lýsa.

KIRKJUMÁL Séra Ólafur Jóhannsson, sóknarprestur í Grensáskirkju, hefur áfrýjað málunum tveimur þar sem hann var fundinn sekur um að hafa framið síðferðisbrot í skilningi þjóðkirkjulaga til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar. Að mati lögmans Ólafs vaknar sú spurning hvort ein kæran sé runnin undan rifjum biskups, prófests eða öðrum vinkonum í kirkjunni sem vilji fella séra Ólaf.

Fimm konur kærðu Ólaf á haustmánuðum fyrir kynferðislega áreitni á kirkjulegum vettvangi. Biskup tók hart á málinu og sendi Ólaf í launað leyfi sem enn er í gildi og var framlengt í síðustu viku. Einar Gautur Steingrímsson, lögmaður Ólafs, er afar vonsvikinn yfir vinnubrögðum biskups. „Biskup sendir séra Ólaf í leyfi vegna gruns um kynferðislegt ofbeldi. Úrskurðarnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um kynferðislegt ofbeldi að ræða. Því eru ekki rök fyrir því að framlengja það leyfi á þeim forsendum,“ segir Einar Gautur.

Í bréfi Einars Gauts til áfrýjunarnefndarinnar í einu málinu vitnar hann til samskipta konunnar við Ólaf. Meðal gagna eru þrjú jóla-kort, árin 2012, 2015 og 2016, þar sem konan talar vel til Ólafs og sendir honum „þúsund kossa“ eins og stendur í jólakortunum. Á það að vera til vitnis um góðan anda milli þeirra og geta bent til þess að ákæran sé ekki af heilum hug komin.

„Að mati áfrýjanda eru allar þessar kveðjur í stíl við áralöng samskipti gagnadila við hann en kæra gagnadila er algjörlega á skjön



Séra Ólafur er sóknarprestur í Grensáskirkju. Ólíklegt er að hann snúi aftur til starfa í bráð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Fyrir liggur og er óumdeilt að konurnar í þeim málum stóðu saman sem ein heild.

Einar Gautur Steingrímsson, lögmaður Ólafs, í bréfi til áfrýjunarnefndar

við þau samskipti sem hafa aldrei falið í sér einhliða markaleysi, valdbeitingu eða ógnun,“ skrifar Einar Gautur.

Einnig telur Einar Gautur að konurnar hafi samhæft atvikaýsingu að einhverju leyti. Ásakanir kvennanna eru allar keimlíkar, um að sóknarpresturinn hafi sleikt og nartað í eyrnasnepla þeirra. Séra Ólafur þvertur fyrir að hafa viðhaft það hátterni.

„Áfrýjandi kannast ekki við þær sjálfur og hefur hann engar aðrar skýringar en að þær hafi smitast úr öðrum málum á hendur sér. Fyrir liggur og er óumdeilt að konurnar í þeim málum stóðu saman sem ein heild,“ segir í áfrýjun séra Ólafs.

Ólíklegt þykir að Ólafur komi til starfa á þessu ári á meðan málið er til meðferðar áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar.

sveinn@frettabladid.is



JEEP GRAND CHEROKEE

MEST VERÐLAUNAÐI JEPPI Í HEIMI

VERÐLÆKKUN

DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING

HÁTT OG LÁGT DRIF

Staðalbúnaður m.a: Led/BI-Xenon framljós, 8,4" snertiskjár með bakkmyndavél, fjarlægðarskynjarar framan og aftan, hiti í sætum, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin framsæti, stillanleg aftursæti, tölvustýrð sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, regnskynjari, aðgerðastýri, raddstýrt útvarp o.mfl.

VERÐ FRÁ: 8.690.000 KR.

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BILAUMBOD

Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433

www.jeep.is - www.isband.is - isband@isband.is - Ópið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

IGNIS

MÍKRÓ JEPPI



Way of Life!

ÞAÐ ER ALLTAF SUZUKI VEÐUR!

SUZUKI IGNIS 4X4

VERÐ FRÁ
2.480.000



ALLGRIP
AUTO

Allrip auto fjórhjóladrifskerfið gerir aksturinn skemmtilegri og tryggir aukið öryggi við allar aðstæður

HYBRID

Suzuki Ignis er nýr valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir aksturseginnleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt utan sem innan.

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki Ignis er með sparneytnum 90 hestafla dual Jet mótör en er einnig fánlegur með Hybrid-búnaði sem gerir hann enn kraftmeiri og neyslugrennri.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Ragnheiður Elin Arnadóttir fer fyrir Keflvíkingum sem vilja varðveita gömlu Sundhöllina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hollvinasamtök leggja fram kæru

REYKJANESBÆR „Ég gat ekki merkt annað en stofnunin sé sammála okkur um nauðsyn þess að kanna til hlítar varðveislugildi hússins,“ segir Ragnheiður Elin Arnadóttir, formaður Hollvinasamtaka Sundhallar Keflavíkur, um fund sem samtökin voru boðuð á hjá Minjastofnun í síðustu viku. Ragnheiður segir stofnunina ítrekað hafa lýst þeirri skoðun að Sundhöllin hafi bæði menningar- og byggingasögulegt gildi.

Eftir að bæjaryfirvöld í Reykjanesbæ samþykktu deiliskipulag fyrir Sundhallarreitinn var málinu vísað til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Aðspurð um næstu skref segir Ragnheiður Minjastofnun geta komið athugasemdum til Skipulagsstofnunar. „Við munum gera það líka og erum einnig að undirbúa kæru vegna vanhæfis við afgreiðslu málsins hjá bæjaryfirvöldum.“ – **aa**

Kröfðust aðgerða gegn byssuofbeldi



Hin 18 ára gamla Emma Gonzales steig á svið á samstöðufundi gegn byssuofbeldi í Washington-borg um helgina. Hundruð þúsunda komu þar saman til að krefjast breytinga á bandarísku skotvopnalöggjöfni. Emma, sem er 18 ára, er nemandi í Marjory Stoneman-skólanum. Sautján nemandur létust í skotárás í skólanum á dögunum. Emma komst við er hún las upp nöfn skólasytkina sinna sem létust í árásinni. NORDICPHOTOS/GETTY



Mikill jarðhiti er í Hveragerði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tvær milljónir í bilaðan goshver

HVERAGERÐI Leggja á nýja leiðslu að goshver í Hveragarðinum í Hveragerði. Goshvernum hefur verið lokað þar sem tenging að honum er í ólagi. „Þar sem mikill fjöldi gesta hefur nú þegar boðað komu sína í Hveragarðinn á næstunni er mikilvægt að ráðist verði í þessar framkvæmdir hið allra fyrsta,“ segir í minnisblaði Aldísar Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra í Hveragerði.

Fram kemur hjá bæjarstjóranum að umtalsverðar truflanir hafi verið á rekstri gufuveitunnar í bænum undanfarið. „Þrýstingur í holum hefur



Aldís Hafsteinsdóttir

minnkað,“ segir Aldís. Sett hafi verið dæla í holu átta í fyrra því hún hafi verið hætt að virka sem gufuhola en dælan hafi eyðilagst í nóvember. Mikilvægt sé að koma goshvernum í gang og leggja þurfi nýja lög. Það kosti 2,2 milljónir króna. – **gar**

Ferðast fyrir tíu milljónir króna

STJÓRNSÝSLA Alls nam ferðakostnaður í miðlægri stjórnsýslu Reykjavíkurborgar um tíu milljónum króna á síðasta ári en listi yfir ferðir kjörinna fulltrúa og embættismanna árið 2017 á skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu var lagður fram á borgarráðsfundi á fimmtudag.

Ferðakostnaður borgarfulltrúa á síðasta ári nam 4,6 milljónum. Skoðunarferð S. Björns Blöndal, borgarfulltrúa Bjartrar framtíðar, í kvikmyndaver í Bristol og Cardiff kostaði til dæmis 113 þúsund, en Hrólfur Jónsson, skrifstofustjóri á skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg, sem einnig var með í för rúkaði sjö þúsund krónum meira.



S. Björn Blöndal

Borgarfulltrúinn rúkaði reyndar einnig fyrir ferðina mánuði síðar um tíu þúsund krónur. Ekki er vitað hvað kom út úr þessari heimsókn.

Námsferð yfirstjórnar Reykjavíkurborgar til Akureyrar í maí í fyrra kostaði borgina 416.895 krónur samkvæmt listanum en ferðin var farin fimmtudaginn 4. maí og var komið heim daginn eftir. – **bb**

Verjandi gagnrýninn á áherslur ákæruvaldsins

Verjandi konu sem ákærð er fyrir líflátshótun gegn grunuðum kynferðisbrottamanni, segist vera furðu lostinn yfir áherslum ákæruvaldsins. Maðurinn setti sig í samband við þroskaskerta dóttur hennar en mál gegn honum biða afgreiðslu.

DÓMSMÁL „Þetta kemur manni mjög ankannalega fyrir sjónir, að Guðrúnu sé birt ákæra umsvifalaust fyrir þessa hótun en meint brot þessa manns gegn þroskaskertri vinkonu dóttur hennar velkist um og biður endalast,“ segir Arnar Þór Stefánsson, verjandi Guðrúnar Karítasar Garðarsdóttur, sem ákærð hefur verið fyrir líflátshótun gegn bocciáþjálfara á Akureyri.

Eins og Fréttablaðið skýrði frá á fimmtudag brást Guðrún illa við þegar dóttir hennar, sem er þroskaskert, fékk skilaboð frá manni sem grunur leikur á um að hafi brotið gegn þroskaskertri stúlku á Akureyri þegar hann var bocciáþjálfari hennar. Málið hefur verið til rannsóknar hjá lögreglu síðan um mitt ár 2015 og biður nú ákvörðunar um ákæru.

„Þetta er bara mjög taktlaust og svona á ekki að beita ákæruvaldi,“ segir Arnar og bætir við: „Það hefði verið strax skárra að ákæra í báðum málum á sama tíma líti menn svo á yfir höfuð að ástæða sé til ákæru á hendur henni.“

Aðspurður segir Arnar að maðurinn hefði með engum hætti getað talið sér standa ógn af Guðrúnu.

„Það getur hver maður séð að hún hefur enga burði til að standa við þessa hótun. Hún reyndar mótmælir því að seinni hótunin í ákæru hafi átt sér stað,“ segir Arnar. Í ákæru segir að Guðrún hafi sagt „jú, víst, ég get látið drepa þig“, en Guðrún segist ekki hafa sagt þessi orð þótt hún gangist við því að hafa haft í einhverjum hótunum um afleiðingar ef hann kæmi nálægt dóttur hennar.



Bocciamegurinn á Akureyri klofnaði vegna málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

●● **Þetta er bara mjög taktlaust og svona á ekki að beita ákæruvaldi.**

Arnar Þór Stefánsson, lögmaður



Arnar segir að til að réttlæta ákæru vegna líflátshótunar þurfi hótunin að vera til þess fallin að verkja raunverulegan ótta þess sem hún beinist að um líf, heilbrigði eða velferð sína

„Það þarf þá að vera einhver

raunverulegur ótti,“ segir Arnar og nefnir í dæmaskyni hótanir þekktra ofbeldismanna. „En það er engin alvöru ógn í móður þroskaskertrar stúlku sem kemur inn á vinnustað manns til að ausa úr skálum reiði sinnar. Það er engin ógn í því og sá sem fyrir verður getur ekki með réttu óttast um líf sitt,“ segir Arnar.

Hann segist munu byggja varnir fyrir Guðrúnu á þessu og til vara á því að um neyðarvörn fyrir dóttur Guðrúnar hafi verið að ræða.

„Hún lítur svo á að dóttir hennar sé í hættu gagnvart því að þessi maður fari á fjörurnar við hana og við þær aðstæður grípur hún til þess meðals. Hótunina má þá réttlæta af þessari hættu sem hún upplifir dóttur sína í,“ segir Arnar.

adalheidur@frettabladid.is

Meira fyrir páska



Hagkaups smjörspautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan afar einföld.

2.999 kr/kg



Hagkaups hamborgarhryggur

Saltminni og því þarf aðeins að elda í ofni. Hentar einnig vel í Sous Vide eldun.

2.098 kr/kg



Hagkaups fylltar kalkúnabringur

4 gómsætar tegundir: Beikon, trönuberja, döðlu og amerísk.

3.499 kr/kg



Hagkaups fyllt hátíðalæri

Úrbeinað lambalæri fyllt með góðgæti. 4 tegundir: Döðlur og gráðaostur - Fikjur, engifer og kanill - Camembert - Sveppir.

2.899 kr/kg



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Fyrirverandi héraðsstjóri Katalóníu handtekinn í Þýskalandi

ÞÝSKALAND Carles Puigdemont, fyrirverandi forseti héraðsstjórnar Katalóníu, var handtekinn af þýskum lögreglumönnum í gær þegar hann kom inn í landið frá Danmörku. Líklegt er að Puigdemont verði framseldur til Spánar.

Katalóninn hefur verið í sjálfskipaðri útleð í Belgíu síðan spænsk stjórnvöld gáfu út handtökuskipun á hendur honum. Heima á Spáni bíða hans réttarhöld og ákæra um landráð og misnotkun á opinberu fé.

Puigdemont var einn helsti talsmaður þess að Katalónía myndi lýsa yfir sjálfstæði frá Spáni. Hann var forseti héraðsstjórnar þegar boðað var til atkvæðagreiðslu um hvort landið ætti að slíta sig frá Spáni. Stjórnvöld í Madrid töldu kosninguna ólöglega og beittu öllum brögðum, meðal annars óeirðalög-reglu, til að koma í veg fyrir að hún gæti farið fram.

Því var lýst yfir fyrir helgi að þrétán forsprakkar aðskilnaðarhreyfingarinnar, þeirra á meðal hinn

handtekni, yrðu saksóttir vegna „byltingartilraunar“.

Þegar Puigdemont var handtekinn var hann á leið aftur til Belgíu frá Finnlandi en þar hafði hann verið í heimsókn yfir helgina. Í dag verður hann leiddur fyrir dómara í Þýskalandi en það er gert í þeim tilgangi að tryggja að raunverulega sé um Puigdemont að ræða. Í kjölfarið verður tekin ákvörðun um það hvort hinn handtekni þurfi að vera í varðhaldi á meðan tekin er afstaða til framsalsbeiðni Spánar. – jõe



Líklegt er að Puigdemont verði framseldur til Spánar. NORDICPHOTOS/AFP

Stöðva ekki vinnu við legsteinasafn

SKIPULAGSMÁL Framkvæmdir við legsteinasafn listamannsins Páls Guðmundssonar í Húsafelli verða ekki stöðvaðar á meðan leyst er úr kærumáli vegna safnsins.



Páll Guðmundsson

Eigandi Húsafells 1 kærði ákvörðun byggingarfulltrúa um að veita byggingarleyfi fyrir húsi undir legsteinasafn Páls. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála segir framkvæmdir á svæðinu langt komnar. Ekki sé knýjandi nauðsyn að stöðva framkvæmdir. „En bent er á að áframhaldandi framkvæmdir eru á ábyrgð leyfishafa.“ – gar

Rannsaka óþef úr Kristalnum

UMHVERFISMÁL Vedurstofunni barst í gær tilkynning um óvenjulega lykt í íshelli í Breiðamerkurjökli. Ferðaþjónustuaðilar sem voru að kanna aðstæður við íshellinn, sem kallast Kristallinn, sögðu að lyktin hefði verið sterkari seinnipart dags og að gasmælir hefði varað við súrefnisleysi í hellinum.

Ákveðið var að yfirgefa staðinn í framhaldinu og hefur lögreglu verið gert viðvart. Í tilkynningu frá Vedurstofunni kemur fram að ekki sé vitað hvaða lofttegund veldur menguninni á svæðinu, eða hver uppruni hennar er, en ákveðið hefur verið að ráðast í mælingar á morgun til þess að reyna að komast að því. – dfb

Biður um milljarða smáræði handa jemenskum börnum

Stríðið í Jemen hefur nú geislað í þrjú ár. Framkvæmdastjóri UNICEF á svæðinu hefur biðlað til stjórnvalda um að grípa inn í og segir upphæðina smáræði samanborið við það sem eytt er í stríðsrekstur. Leggja mætti út fyrir nauðsynlegri aðstoð 35 sinnum með upphæðinni sem Sádará nota í kaup á bandarískum vígvélum.

JEMEN UNICEF hafa kallað eftir því að 350 milljónir dollara verði veittar í neyðarástoð. Stærstur hluti þeirrar upphæðar er hugsaður til að fæða sveltandi börn í hinu stríðshrjáða Jemen. Framkvæmdastjóri samtakanna í Norður-Afríku og Miðausturlöndum segir upphæðina vera smáræði í samanburði við þá fjármuni sem eytt er í stríðsrekstur í landinu.

„Fyrir árið 2018 hefur UNICEF beðið um 350 milljónir dollara til að verja í neyðarástoð. Það er smáræði miðað við þær upphæðir sem renna til stríðsreksturs ár hvert. Við erum að fara fram á smáræði,“ segir Geert Cappalaere en hann gegnir fyrrgreindri framkvæmdastjóra-stöðu.

Á frummálinu hafði Cappalaere notað orðið „peanuts“, eða jarðhnetur, til að lýsa upphæðinni. Ummælunum var nokkuð greinilega beint að Donald Trump, forseta Bandaríkjanna, en í liðinni viku notaði forsetinn sama orð til að lýsa 12,5 milljarða dollara vopnasölusamkomulagi Bandaríkjanna við Sádi-Arabíu.

Til að setja tölurnar í samhengi þá eru 350 milljónir dollara andvirði tæplega 3,5 milljarða íslenskra króna. 12,5 milljarðar dollara aftur á móti myndu útleggjast sem rúmlega billjarður íslenskra króna og 237 milljörðum betur. Fyrir vopnasamkomulag Sada mætti því leggja út fyrir umbedinni þörf UNICEF 35 sinnum og samt eiga 250 milljónir dollara í afgang.

Trump lét ummælin falla á fundi með Mohammed bin Salman, krón-



Barn bólusett við barnaveiki um miðjan þennan mánuð. Yfir þúsund börn fengu sóttina í ágúst í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

prinsi Sádi-Arabíu, á fundi þeirra í Hvíta húsinu síðastliðinn þriðjudag. Uppreisnarmenn Húta steyptu stjórnvöldum í Jemen af stóli fyrir sléttum þremur árum. Síðan þá hafa Sádará farið fyrir sveitum sem berjast gegn uppreisnarmönnum.

Áætlað er að 10 þúsund manns hafi fallið í stríðinu og meira en 40 þúsund hafi særst. Hungursneyð ríkir í landinu auk þess að kóléra

og barnaveiki hafa dregið þúsundir til dauða. Íbúar í Jemen eru um 8,4 milljónir en áætlað er að fjórir af hverjum fimm séu undir fátæktarmörkum.

„Árið 2017 voru fimm jemensk börn drepin daglega í átökunum. Hvert einasta barn í landinu er í bráðri þörf fyrir neyðarástoð,“ segir Cappalaere. „Hvorugur deiluadila – eða þeir sem hafa áhrif á þá

– hefur sýnt nokkra virðingu í garð barna eða óbreyttra borgara sem byggja landið.“

Grunur leikur á því að stríðsglæpir hafi verið framdir í landinu af hálfu beggia aðila. Auk Húta og sveita Sada er flokkur minni skærusamtaka sem taka þátt í átökunum. Grunur leikur á að hluti þeirra sé dyggilega studdur af Sameinuðu arabísku furstadæmum. joli@frettabladid.is


Halldór Laxness
LANDKOSTIR
Úrval greina um sambúð lands og þjóðar, 1927–1984

Úrval greina um sambúð lands og þjóðar eftir Halldór Laxness

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA


Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Laugardaga 11–16 | www.forlagid.is

STYRKJUM LESTAUGARNAR!



Köld slóð
VILDARVERÐ: 3.199.-
 Verð: 3.999.-

EFTIR SAMA HÖFUND OG „MERKT“



Dagar höfnunar
VILDARVERÐ: 3.399.-
 Verð: 3.999.-



Allt sundrast
VILDARVERÐ: 3.699.-
 Verð: 3.999.-




Flúraða konan
VILDARVERÐ: 3.399.-
 Verð: 3.999.-




Sögur frá Rússlandi
VILDARVERÐ: 3.199.-
 Verð: 3.999.-



Vegurinn heim lengist með hverjum morgni
VILDARVERÐ: 3.399.-
 Verð: 3.999.-



Krítarmaðurinn
VILDARVERÐ: 3.399.-
 Verð: 3.999.-



Gilead
VILDARVERÐ: 3.499.-
 Verð: 3.999.-



Í nafni sannleikans
VILDARVERÐ: 3.199.-
 Verð: 3.999.-

Austurstræti 18
 Skólavörðustíg 11
 Laugavegi 77
 Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
 Kringlunni norður
 Kringlunni suður
 Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
 Keflavík - Sólvallagötu 2
 Akureyri - Hafnarstræti 91-93
 Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
 Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
 Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 27. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrenslu.

Sannleikurinn um Trump



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Allt frá þeim ólánsdegi þegar Bandaríkjamönnum varð það á að velja Donald Trump forseta sinn hafa orð og gjörðir forsetans verið með endemum, nánast dag hvern. Nú er hann upptekinn við að koma á viðskiptastríði við Kína og nýbúinn að ráða sem þjóðaröryggisráðgjafa John Bolton, mann sem hefur lýst því yfir að varpa ætti sprengjum á Íran og Norður-Kóreu. Sjálf sagð hefur Trump Bolton með sér þegar hann ræðir nauðsyn heimsfriðar við Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu. Það verður nokkuð súrrealískt að fylgjast með þeim kumpánum ræða friðarmál. Kim Jong-un ber ábyrgð á skelfilegri eymd landsmanna sinna og Trump verður seint kalladur friðflytjandi. Trump hefur ekki einu sinni tekist að skapa starfsfrið í Hvíta húsinu, þvert á móti ríkir þar upplausn og ófriður.

Frá upphafi valdatíðar Trumps gáfu andstæðingar hans honum engin gríð. Ljóst var að þeir ætluðu honum allt hið versta. Mildum og viðkvæmum sálum kann að hafa fundist andstaðan of harkaleg, það er jú góð regla að gefa einstaklingum tíma til að sanna sig í nýju starfi. Trump féll hins vegar á hverju prófinu á fætur öðru og hefur ekkert af því lært. Á stuttum valdatíma sínum hefur hann afrekað það að vera verst forseti í sögu Bandaríkjanna.

Umheimurinn fylgist agndofa með farsanum í Hvíta húsinu þar sem starfsdagurinn byrjar á glórulausu tísti frá forsetanum þar sem hann skammast og bölsótast. Ekki hæfir þetta forseta, enda eru hörð orð viðhöfð um Trump víða um heim, einnig hér á landi. Að vísu fékk þingmaður Pírata, Ásta Guðrún Helgadóttir, bágt fyrir á ýmsum stöðum þegar hún í byrjun síðasta árs kallaði Donald Trump fasista í ræðustól Alþingis. Trump var þá nýtekninn við embætti og einhverjum þingmönnum fannst óþarft að dæma hann svo hart. Ásta sýndi enga iðrun heldur benti á máli sínu til stuðnings að Trump sýndi vanvirðingu mannréttindum, kvenréttindum, alþjóðaskuldbindingum, fólki og öðrum löndum. Það gerði Trump þá og það gerir hann enn.

Það er einkennilegt til þess að vita að samkvæmt íslenskum hegningarlögum væri hægt að draga einstakling fyrir dóm vegna móðgandi ummæla um Bandaríkjaforseta og dæma viðkomandi í sekt eða jafnvel setja í tukhús í sex ár ef móðgunin þykir ógurleg. Þetta mun vitaskuld ekki gerast í upplýstu samfélagi eins og okkar. Það er hins vegar gagnrýniverð að þetta ákvæði skuli enn vera til. Því hefði átt að kasta út í hafsauga fyrir löngu. Lög eiga að vera í takti við samtímann, ekki endurspeglar löngu úrelt viðhorf.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp sem snýr að því að afnema þetta ákvæði. Vitaskuld á að ganga hratt fyrir sig að afgreiða mál eins og þetta. Það á ekki að vera refsiverð samkvæmt lögum að segja sannleikann um Donald Trump og kumpána.



Það er hins vegar gagnrýniverð að þetta ákvæði skuli enn vera til. Því hefði átt að kasta út í hafsauga fyrir löngu.

Halldór



Frá degi til dags

Málþófið

Íhaldssamir þingmenn buðu upp á málþóf á síðasta þingfundinum fyrir tveggja vikna langt páskafrí þingheims. Leist þeim ekki á blikuna þegar meirihluti þingsins vildi veita sextán ára unglíngum og eldri rétt til að kjósa í sveitarstjórnarkosningunum. Málþófið var merkilegt fyrir þær sakir að ekki var um frumvarp frá framkvæmdarvaldinu að ræða heldur þingmannamál sem samstaða náðist um. Það kemur auðvitað fæstum á óvart að þingmennirnir sem mest töluðu komu úr flokkum sem minnstra vinsældar njóta hjá yngstu kjósendum landsins.

Kjararáð

Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, hefur lagt fram fyrirspurn til fjármála- og efnahagsráðherra um hve mikið einstakir kjararáðsmenn hafi fengið greitt undanfarin ár. Áhugavert verður að sjá hvort þingmaðurinn fái svör en Fréttablaðið hefur að undanfögnu spurð að því nákvæmlega sama. Þá hefur Einbjörn bent á Tvíbjörn og sá bent aftur á Einbjörn sem þá benti á fjárlagalið kjararáðs en svaraði engu öðru. Að auki verður forvitnilegt að sjá hvenær svar berst en starfsmenn ráðuneyta sjá að eigin sögn vart til himins fyrir fyrirspurnastabba forvitinna þingmanna.

joli@frettabladid.is

Aðgerðir í leikskólamállum



Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs

Leikskólastarf í Reykjavík er í fremstu röð en um árabil hafa færri notið þjónustunnar en vilja. Nú hefur meirihlutinn í borgarstjórn kynnt metnaðarfulla áætlun um uppbyggingu nýrra leikskóla á næstu árum samhliða aðgerðum til að efla starfsaðstæður á leikskólum borgarinnar. Þessar aðgerðir koma til viðbótar auknu fjármagni til leikskólastigsins sem nemur alls 2 milljörðum króna frá 2014 og birtist í hærri launum, auknu fjármagni til innra starfs, opnun sérhæfðra ungbarnadeilda o.fl.

Fjörtán tillögur starfshóps um nýliðun og bætt starfs- umhverfi leikskólakennara koma til framkvæmda strax á þessu ári og miða að því að draga úr álagi starfsfólks og bæta aðbúnað. Við munum auka leikrymi barna, setja ný viðmið um rými og æskilegan barnafjölda á deildum, fjölga starfsfólki á elstu deildum, fjölga undirbúningstímum, tryggja fjármagn til heilsueflingar og liðsheildarvinnu, bæta móttöku nýliða t.d. með leiðsagnarkennurum og halda áfram að kynna störf á leikskólum sem eftirsóknarverð og gefandi. Sérstök áhersla verður lögð á að hvetja og styðja ófaglært starfsfólk og aðrar fagstéttir en leikskólakennara sem halda uppi mikilvægu starfi á leikskólunum til að afla sér menntunar í leikskólafræðum. Góðum árangri í vettur við að manna leikskólana verður fylgt eftir með nýjum aðgerðum, s.s. sumarstörfum og miðlægi afleysingaþjónustu.

Strax í haust verða opnaðar nýjar leikskóladeildir við leikskóla þar sem eftirspurnin er mikil, s.s. í Seljahverfi, Háaleiti, Fossvogi og Grafarholti. Sjö nýjar ungbarnadeildir verða opnaðar í Grafarvogi, Hlíðum, Vesturbæ og Grafarholti og verða þá fjórtán í öllum borgarhlutum. Þær munu fá heimild til að bjóða yngri börnum pláss, í fyrstu þeim sem verða 16 mánaða í haust.

Byggðir verða 5-6 nýir leikskólar á næstu 4-6 árum með nærri 800 nýjum leikskólarymum. Þar með verður hægt að bjóða öllum 12 mánaða börnum og eldri leikskólapláss innan sex ára. Gert er ráð fyrir að nýju leikskólarnir rísi í Úlfarsárdal, Vatnsmýri, Laugardal/Háaleiti, Vogabyggð og í miðborginni. Síðar verða byggðir leikskólar á öðrum helstu uppbyggingarsvæðum eftir þörfum.

Þessar aðgerðir samhliða lengingu fæðingarorlofs munu bæta til muna aðstöðu ungbarnafjölskyldna í borginni.



Leikskólastarf í Reykjavík er í fremstu röð en mun færri njóta en vilja.

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

Veldu öruggt start með TUDOR

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Stjórnmalamenn sem reisa vegg



Kári Stefánsson
forstjóri
Íslenskrar
erfðagreiningar



Munurinn á þeim tveimur liggur hins vegar í því að Trump er yfirlýstur fasisti þannig að það býst enginn við öðru en að hann reisi vegg þar sem hann fær því við komið, en Dagur er félagshyggjumaður sem við hefðum búist við að setti þarfir barna ofar löngun sinni til þess að skreyta Klambratúnið með hrákasmíð.

Þá stóð bærinn Klambrar á miðju túninu og það lagði reykt upp úr strompi. Ég man ekki nákvæmlega hvar né man ég hvort það voru mörg hús á bænum eða bara eitt. Ég er hins vegar sannfærður um að það var reykhus að Klömbrum og ábúendur ráku kjötbúð niðri á Rauðarárstíg í sama húsi og Silli og Valdi seldu epli fyrir jólin sem lyktuðu alla leið út á gangstétt. Við spiluðum fótbolta á Klambratúninu og einstaka sinnum urðum við að þola ofbeldi af hálfu kúnna sem ráfuðu inn á völinn okkar og í andstyggð sinni skildu eftir mykju í markinu eða annars staðar þar sem það kom í veg fyrir frekara spil. Ef ég man rétt þá sáum við ekki á þeim augnablikum sjarmann í brúnaþungu brúnu augnum þeirra sem Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðgjafi, talar gjarnan um.

Þar sem nú eru Kjarvalsstaðir var njólaakur. Á honum háðum við úr Norðurmýrinni stríð, ótalmörg stríð við óvini okkar úr Hlíðunum. Stundum reistum við okkur hífli úr njóluum með því að flétta þá saman. Þau voru með öllu óháð deiliskipulagi síns tíma og ég man

ekki til þess að íbúar við Flókagötu hafi séð ástæðu til þess að kæra njólahúsin til úrskurðarnefndar byggingarmála. Það sem þessi hífli skorti á stöðugleika unnu þau upp með ótrúlegum sveigjanleika. Ég er ekki viss um að það hafi verið reist á Íslandi önnur mannvirki líklegri til þess að vera ósnert af jarðskjálfta yfir 8 á Richterskala.



Klambratúnið lagði mikið af mörkum til þess að skapa okkur gaman og alvöru. Þar var landið að ala upp börnin sín. Klambratúnið var helgur staður. Þar var heilög jörð.

Það hefur aldrei þótt góðri lukku stýra á Íslandi að vanvirða helga staði og er Klambratúnið engin undantekning. Klárasta dæmið um afleiðingar þess að fíkta af tillitsleysi í Klambratúninu er þegar borgarstjóri nokkur ákvað að breyta nefni þess í Miklatún. Enginn heilvita maður tók mark á honum og Klambratúnið hélt áfram að vera og heita Klambratún í hugum annarra en þeirra sem taka mark á stjórnmalamönnum,

sem voru fáir þá og hefur eðlilega fækkað jafnt og þétt síðan. Borgarstjórinn sem var mikið valmenni lenti hins vegar í erfðum kapítula í sinni pólitik sem hann átti alls ekki skilið og leikur lítill vafi á því að þar hefndist honum fyrir að móða Klambratúnið.

Í fyrrasumar sáum við svo núverandi borgarstjóra burðast við að reisa vegg meðfram suðurhlíð Klambratúns. Umferð um Miklubraut milli Lönguhlíðar og Rauðarárstígs riðlaðist svo mánuðum skipti og her manns hafði vinnu af þessum skripaleik. Heildarkostnaður af veggnum og fiktinu í Miklubraut var um fimm hundruð

milljón krónur, sem hefði annars mátt nýta fyrir fjársvelta leikskóla borgarinnar.

Löngunin til þess að reisa vegg virðist hins vegar hafa tilhneigingu til þess að bera skynsemi stjórnmalamanna ofurlíði eins og sést best á Donaldi Trump og Degi B. Eggertssyni. Munurinn á þeim tveimur liggur hins vegar í því að Trump er yfirlýstur fasisti þannig að það býst enginn við öðru en að hann reisi vegg þar sem hann fær því við komið, en Dagur er félagshyggjumaður sem við hefðum búist við að setti þarfir barna ofar löngun sinni til þess að skreyta Klambratúnið með hrákasmíð. Þess ber þó að geta að þetta er sami Dagur B. Eggertsson og eyddi töluverðu silfri í að mála myndir eftir Erró á blokkir uppi í Breiðholti. Hann er borgarstjóri þar sem leikskólar eru eina stig skólakerfisins þar sem nemendur borga skólagjöld, sem er grátlegt vegna þess að foreldrar þeirra eru á þeim aldri þegar tekjur þeirra og eignir eru minnstar og nauðsynjaútgjöld hæst. Það er dapurlegt að fylgjast með því hversu auðveldlega hégóminn leggur félagshyggjuna að velli þegar menn komast til valda.

Við þurfum hins vegar ekki að hafa áhyggjur af því að Dagur fái mörg fleiri tækifæri til þess að brjóta pólitísk prinsipp sem hann segist adhyllast vegna þess að Klambratúnið er hefningjarnt og fyrirgefur ekki dónaskap eins og veggómyndina. Það er farið að rökkva og Dagur að kveldi kominn.



Úr vönduðu að ráða á **tilboði**

Q5 er hlaðinn aukabúnaði

Audi Q5 Sport Quattro

Listaverð 8.650.000 kr.

Tilboðsverð 7.290.000 kr.

Audi Q5 Sport Quattro Comfort

Listasverð 9.100.000 kr.

Tilboðsverð 7.890.000 kr.

Audi Q5 Quattro Sport S-line

Listasverð 10.610.000 kr.

Tilboðsverð 8.990.000 kr.





Christian Karembeu smellir kossi á HM-bikarinn sem hann hjálpaði Frökkum að vinna árið 1998. Hann hefur trú á sínum mönnum í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Kallar fram fallegar minningar

Christian Karembeu kom hingað til lands í gær með HM-bikarinn sem hann lyfti fyrir 20 árum. Hann man vel eftir leik Íslands og Frakklands 1998. Karembeu segir Ísland eiga góða möguleika á HM í Rússlandi.

FÓTBOLTI HM-bikarinn glæsilegi, sem Ísland keppir um ásamt 31 annarri þjóð á heimsmeistaramótinu í Rússlandi í sumar, kom á Klakann í gær á vegum Coca-Cola. Með í för var Christian Karembeu sem varð heimsmeistari með Frökkum á heimavelli fyrir 20 árum.

„Bikarinn kallar bara fram fallegar minningar því við unnum hann 1998. Það er ástæðan fyrir því að ég er hér. Það er frábært að geta deilt minningunum með fólki og færa bikarinn nær aðdáendum,“ segir Karembeu við Fréttablaðið.

Karembeu var einnig hluti af franska liðinu sem varð Evrópumeistari árið 2000. Síðan þá hefur Frakkland ekki unnið stóran titil. Margir spá að það geti breyst í Rúss-

landi í sumar enda hafa Frakkar á að skipa gríðarlega sterku liði. Karembeu kveðst bjartsýnn fyrir hönd franska liðsins en þjálfari þess er Didier Deschamps sem var fyrirliði Frakka þegar þeir urðu heims- og Evrópumeistarar í um aldamótin.

„Á Evrópumótinu fyrir tveimur árum fóru Frakkar í úrslit. Það var frábært fyrir okkur að vinna heimsmeistara Þjóðverja [í undanúrslitunum]. Í 8 liða úrslitunum unnum við gott lið Íslands 5-2. Deschamps er að búa til lið sem á að geta komist í úrslit í Rússlandi og unnið heimsmeistaratitilinn, 20 árum á eftir okkur,“ segir Karembeu.

Eins og áður segir eiga Frakkar marga frábæra leikmenn sem spila með bestu félagsliðum Evrópu.

„Það hefur verið unnið gott grasrótastarf í Frakklandi og félögin eru með góðar akademíur. Þau hafa búið til marga hæfileikaríka leikmenn,“ segir Karembeu. Hann viðurkennir að það sé hausverkur fyrir sinn gamla félag, Deschamps, að velja franska liðið.

„Stundum er erfitt fyrir hann að velja einn góðan leikmann fram yfir annan. Það er ekki auðvelt að þurfa að gera upp á milli manna.“

Karembeu, sem varð tvisvar Evrópumeistari með Real Madrid, hefur áður komið til Íslands, árið 1998. Þá mættu Frakkar Íslendingum á Laugardalsvelli, í fyrsta leik þeirra eftir að þeir urðu heimsmeistarar. Leikurinn var í undankeppni EM 2000 og endaði með 1-1 jafntefli.

Ríkharður Daðason skoraði mark Íslands en Christophe Dugarry jafnaði fyrir Frakkland og bjargaði stigi fyrir heimsmeistarana.

Karembeu var í byrjunarliði Frakka þennan dag, 5. september, og man vel eftir leiknum.

„Þetta var ekki auðveldur leikur fyrir okkur. Ísland komst yfir en við komum til baka og leikurinn endaði með jafntefli. Þetta var langt frá því létt fyrir okkur,“ segir Karembeu.

En hvaða möguleika telur hann að Ísland eigi á HM í sumar?

„Öll liðin eiga möguleika. Ísland komst í 8 liða úrslit á EM en Frakkland í úrslit. Núna ættuð þið að komast í úrslit og við að verða heimsmeistarar,“ segir Karembeu og skellir upp úr. ingvithor@frettabladid.is

Mér liður ofboðslega vel í grænu

KÖRFUBOLTI Einar Árni Jóhannsson er tekinn við karlalíði Njarðvíkur í körfubolta í þriðja sinn. Hann skrifaði undir þriggja ára samning við körfuknattleiksdeild Njarðvíkur í gær. Einar Árni tekur við Njarðvíkingum af Daníel Guðmundssyni en samningur hans við félagið var ekki endurnýjaður. Njarðvík endaði í 5. sæti Domino's-deildar karla í vetur og féll svo úr leik fyrir KR í 8-liða úrslitum, 3-0.

„Maður er kominn heim og það er mjög góð tilfinning. Þetta átti sér mjög stuttan aðdraganda. Það var unnið hratt og var einlægur vilji af beggja hálfu til að koma samstarfi á,“ segir Einar Árni við Fréttablaðið.

„Hér á ég sterkar rætur og íþróttahúsið hefur verið, sumir segja, mitt fyrsta frekar en annað heimili síðan ég var sex ára gamall. Ég byrjaði ungur að þjálfá hérna, móðir mín vann í íþróttahúsinu og ég var þarna öllum stundum.“

Hann stýrði Njarðvík fyrst á árunum 2004-07 og gerði liðið að bæði Íslands- og bikarmeisturum. Það eru síðustu stóru titlarnir sem Njarðvík hefur unnið. Einar Árni tók aftur við Njarðvík um mitt tímabil 2010-11 og stýrði liðinu til 2014. Síðustu þrjú ár hefur hann þjálfað Þór Þ.

„Ég starfaði fyrir stórkostlegt félag í Þorlákshöfn og ég steig þar frá borði með miklum trega. En það kemur til af því að það eru 80 kílómetrar í hvora átt. Í dag eru þetta rétt rúmir 100 metrar,“ segir Einar Árni.

„Ég hef þjálfað þá flesta lengi. Ég á kannski fæst ár með Loga [Gunnarsyni] því hann er ekki langt frá mér í aldri,“ segir Einar Árni sem hefur þjálfað alla heimamennina í liði Njarðvíkur. Að hans sögn tekur nú við vinna í leikmannamálum.

„Það er jákvætt að sterkustu póstararnir eru á samningi en við horfum til þess að þetta raðirnar. Það þarf



Einar Árni fagnar Íslandsmeistaratitlinum árið 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að fá mynd á hópinn og þá getum við skoðað hvað við ætlum að gera. Á þessum bæ vilja menn alltaf ná árangri,“ segir Einar Árni. Hann hefur þjálfað hjá þremur félögum

á ferlinum sem öll leika í grænum búningum; Njarðvík, Breiðabliki og Þór Þ.

„Mér liður ofboðslega vel í grænu,“ segir Einar Árni og hlær. -iþs

Nýjast

Domino's-deild karla, 8-liða úrslit

Stjarnan - ÍR 69-71

Stjarnan: Collin Pryor 22/8 fráköst, Tómas Þórður Hilmarsson 21/10 fráköst, Róbert Sigurðarson 14/7 fráköst/7 stoðs., Arnþór Freyr Guðmundsson 7, Eysteinn Bjarni Evarsson 4, Dúi Þór Jónsson 1.

Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir var ekki lengi að stimpla sig inn hjá Utah Royals í fyrsta leik liðsins í bandarísku kvennadeildinni um helgina. Landsliðskonan er afar ánægð með dvölinna hjá félaginu sem er aðeins nokkurra mánaða gamalt og segir fagmennskuna í fyrirrúmi.

FÓTBOLTI Það tók Gunnhildi Yrsa Jónsdóttir aðeins tvær mínútur og 13 sekúndur að skrá sig í sögubækur Utah Royals. Liðið er nýtt í bandarísku kvennadeildinni og lék sinn fyrsta leik í henni á laugardaginn þegar það sótti Orlando Pride heim.

Eftir rúmlega tveggja mínútna leik stýrði Gunnhildur Yrsa fyrirgjöf Diönu Matheson í netið og skoraði fyrsta markið í sögu Utah Royals. Þetta sögulega mark íslensku landsliðskonunnar dugði þó ekki til sigurs því hin brasilíska Marta jafnaði metin í 1-1 með marki úr víti á 21. mínútu og þar við sat.

„Þetta var mjög ljúft en ég hefði viljað fara heim með þrjú stig. En fyrsta stigidið er komið í hús, og það á erfiðum útivelli,“ segir Gunnhildur Yrsa í samtali við Fréttablaðið.

Stjörnum þrýdd framlína

Lið Orlando er gríðarlega vel mannað, sérstaklega í framlinunni, en í leiknum á laugardaginn byrjuðu þær Marta, Alex Morgan og Sidney Leroux saman frammi. Sú fyrstnefnda er oft talinn besti leikmaður allra tíma og þær tvær síðastnefndu eru meðal stærstu stjarna bandaríska landsliðsins.

„Það var ágætt að halda þeim frá markinu. Þær skoruðu úr víti sem var aldrei víti,“ segir Gunnhildur Yrsa sem fékk ágætis færi til að tryggja Utah sigur í uppþótar-

tíma en skot hennar fór yfir mark Orlando.

Gunnhildur Yrsa lætur afar vel af lífinu hjá Utah og segir allar aðstæður hjá félaginu fyrsta flokks.

Allar 100% atvinnumenn

„Ég hef ekki yfir neinu að kvarta. Þetta er allt annað en ég er vön,“ segir Gunnhildur Yrsa sem hefur leikið í Noregi undanfarin ár. „Fagmennskan hérna er mikil og það er komið fram við mann eins og stjörnu. Það er allt mjög skipulagt. Allir leikmennirnir eru 100% atvinnumenn sem ég hef aldrei kynnst áður. Við búum allar á sama stað og aðstæðurnar eru frábærar. Þjálfarinn [Laura Harvey] er mjög góður.“

Gunnhildur segir fótboltann í bandarísku deildinni mun betri en í Noregi.

„Þetta er allt annað og miklu betra. Þetta er miklu meira krefjandi. Maður fær varla tíma til að pústa. Það er mikið að gera allan leikinn, maður fær minni tíma með boltann og þarf alltaf að vera á tánum,“ segir Gunnhildur.

Fengu leikmenn frá Kansas

Utah Royals var stofnað 1. desember á síðasta ári. Nokkrum dögum áður var Kansas City lagt niður og fóru leikmenn liðsins til Utah. Meðal þeirra var



Gunnhildur Yrsa fékk sannkallaða draumabyrjun með Utah Royals.

NORDICPHOTOS GETTY

●● Þetta er miklu meira krefjandi. Maður fær varla tíma til að pústa. Það er mikið að gera allan leikinn, maður fær minni tíma með boltann og þarf alltaf að vera á tánum.

Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir

Becky Sauerbrunn, annar af fyrirliðum bandaríska landsliðsins.

„Þetta er bland af Kansas City og nýjum leikmönnum,“ segir Gunnhildur Yrsa. „Hálft byrjunarliðið í gær [fyrradag] lék með Kansas. Við erum með 9-10 landsliðskonur og það er mikil samkeppni í liðinu,“ segir Gunnhildur sem lék um tíma í háskólaboltanum í Bandaríkjunum og þekkir því ágætlega til vestanhafs.

Utah leikur heimaleiki sína á Rio Tinto vellanum í Sandy, Utah, sem er einnig heimavöllur karlaliðs félags-

» Utah Royals var stofnað þann 1. desember 2017. Liðið er nýliði í bandarísku kvennadeildinni.

ins, Real Salt Lake sem leikur í MLS-deildinni vestanhafs.

Fyrsti heimaleikur Utah er ekki fyrr en eftir landsleikjahléið, þann 14. apríl þegar liðið tekur á móti Chicago Red Stars. Næstkomandi föstudag á Utah leik gegn Houston Dash í 2. umferð deildarinnar.

Spennandi uppbyggingarferli

Gunnhildur Yrsa segir afar spennandi að taka þátt í því að byggja upp lið frá grunni.

„Þetta eru mikil forréttindi að fá að taka þátt í þessari uppbyggingu. Það er svo mikill metnaður hérna sem gefur manni mikið,“ segir Garðbæingurinn að lokum.

ingvithor@frettabladid.is

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT Í JEPPA

COMPASS

LITLI BRÓÐIR GRAND CHEROKEE

VERÐLÆKKUN

DÍSEL 2.0L 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF MEÐ 4 DRIFSTILLINGUM

2.0 dísel 140 hö., 9 gíra sjálfskiptur, Select-Terrain™ fjórhjóladrif með 4 drifstillingum, árekstravörn, akgreinaaðstoð, leður/tau áklæði, hiti í stýri og framsætum, hraðastillir, snertiskjár, regnskynjari, LED ljós að framan og aftan, Bluetooth, leðurklætt aðgerðarstýri, varadekk í fullri stærð, 17" álfelgur o.fl. Einnig fáanlegur 9 gíra sjálfskiptur með 170 hö. dísel og 170 hö. bensín vélum.

VERÐ FRÁ 5.490.000 KR.

ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433

www.jeep.is - www.isband.is - isband@isband.is - Ópið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

Bilt með lýrvara um þrennillur.

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1812 Um 20 þúsund manns farast í Caracas í Venesúela þegar öflugur jarðskjálfti riður yfir.

1920 Varðskipið Þór kemur til landsins. Hann er fyrsta varðskip Íslendinga.

1947 Knattspyrnusamband Íslands er stofnað.

1954 Bandaríkjamenn sprengja fyrstu fjöldaframliddu vetnis-sprengjuna, Mark17, við Marshall-eyjar.

1971 Bangladess stofnað þegar Austur-Pakistan lýsir yfir sjálfstæði.

1995 Schengensáttmálinn tekur gildi.

1997 Lík 39 meðlima sértrúarsafnaðarins Heven's Gate finnast í San Diego. Um fjölgasjálfsvíg var að ræða.

2000 Vladimir Pútín kjörinn forseti Rússlands.



Vladimir Pútín var kjörinn forseti Rússlands á þessum degi.



Þóra Björg Birgisdóttir í faðmi barna sinna sem biðu spennt eftir því að fá föður sinn aftur heim. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hétu því að heimsækja Tyrkland aldrei aftur

Fimm ár eru liðin frá því Davíð Örn Bjarnason losnaði úr farbanni í Tyrklandi eftir að hafa verið handtekinn grunaður um smygl á fornmun. Málið var hið undarlegasta frá upphafi til enda. 375 daga skilorðsbundið fangelsi var refsing Davíðs fyrir kaupin.

Ég trúði því varla að hann sé að koma heim. Krakkarnir eru ótrúlega spenntir að hitta hann, þau eru búin að biða svo lengi eftir því að hitta hann," sagði Þóra Björg Birgisdóttir á forsiðu Fréttablaðsins á þessum degi fyrir fimm árum. Þá var tyrkneskur farbannsráðgjafi yfir sambýlismanni hennar, Davíð Erni Bjarnasyni, felldur úr gildi.

Davíð og Þóra höfðu verið á ferðalagi í Tyrklandi nokkrum vikum fyrr. Á markaði festu þau kaup á litlum marmarasteini og ætluðu að hafa hann með sér heim sem minjagrip. Þegar þau voru á heimleið voru þau handtekin í Anatalya eftir að steinninn fannst við gegnumlýsingu hjá tollinum. Párið grunaði ekki

að hann gæti komið þeim í klandur enda höfðu þau keypt hann í túristaverslun.

„Ég spyr svo hvað er í gangi og hvenær við fáum að fara? Hann segir að þetta sé merkilegur steinn og ég segi: Þú mátt eiga þennan stein, við þurfum að koma okkur heim – erum með barnapiu og þrjú börn heima. Þið megið hirða þennan stein, hann skiptir okkur engu máli," sagði Þóra í viðtali við Vísir þann 10. mars 2013.

Þóru var hleypt áfram til Íslands en Davíð var eftir grunaður um að reyna að smygla fornmun úr landi. Tyrknesk lög banna að slíkir steinar séu fluttir úr landi og getur margra ára fangelsi legið við slíku broti.

Davíð var í tæpan mánuð í varðhaldi ytra áður en honum var hleypt frá Tyrklandi. Þegar hann var leiddur fyrir dóm-

ara, sem taka átti afstöðu til þess hvort hann myndi vera lengur í haldi lögreglu í Tyrklandi eður ei, misbauð dómaramum framkoma Davíðs og ákvað að gera honum 700 evra sekt. Það var sökum þess að hann hafði skilið vegabréf sitt eftir en honum hafði verið tjáð að ekki væri þörf á að hafa það meðferðis. Sú sekt var síðar felld úr gildi.

„Maður er svona hálfklíkaður, farinn að tala við sjálfan sig, maður er búinn að vera svo mikið einn hérna," sagði Davíð eftir að farbannsráðgjafurinn var felldur úr gildi.

Davíð var um miðjan apríl 2013 dæmdur í rúmlega árs skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu sektar fyrir brot sitt. Hann ætlar aldrei aftur til Tyrklands. joli@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 26. MARS 1973

TF-VOR fyrst með sex um borð

Í dag eru 45 ár síðan flugvélin TF-VOR hrapaði yfir Búrfjöllum. Sex létust, þar á meðal Björn Pálsson flugmaður. Umfangsmikil leit var gerð að vélinni en að morgni 27. mars 1973 lögðu tólf flugvélar af stað frá Reykjavík til leitar og tvær þylur frá Keflavíkurflugvelli.

TF-VOR fannst í Búrfellum, norðan Langjökuls. Hún var í heilu lagi en mikið skemmd. Ljóst var að mennirnir sex hefðu látist samtundis og var ástæða óhappsins rakin til mikillar og skyndilegrar ísingar sem leiddi til þess að hreyflarnir misstu afl.

Björn Pálsson fæddist 10. janúar árið 1908 og var frumkvöðull mikill í sjúkraflugi á Íslandi. Honum var lýst sem brautryðjanda og varð hann landsþekktur fyrisjúkraflug sitt, oft við hrikaleg skilyrði. Árið 1960 hóf Björn sjúkraflug með TF-VOR, sem var tveggja



Frá slystað í Búrfjöllum, norðan Langjökuls. Allir sex farþegarnir um borð létust.

» Björn Pálsson flugstjóri var einn af þeim sem fórust í slysinu.

hreyfla Beech Twin-Bonanza-flugvél. Um mikla byltingu var að ræða í íslensku sjúkraflugi. Þegar Björn lést þann 26. mars árið 1973 hafði hann flutt 3.400 sjúka og slasaða. – khn



Ástkæri faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Birgir Hallur Erlendsson

skipstjóri,
Hraunvangi 1, Hafnarfirði,

sem lést fimmtudaginn
15. mars á Landakoti í Reykjavík,

verður jarðsunninn frá Hafnarfjarðarkirkju á morgun,
þriðjudaginn 27. mars, kl. 15.00.

Arndís Birgisdóttir
Erlundur P. Birgisson
Hallur Birgisson

Kristján Haraldsson
Kristín Dóra Karlsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarn.



Hjartans þakkir til allra, sem sýndu samkennd og hlýhug vegna andláts móður okkar,

Petrínu Fransísku Jónsson

Ninnu,
frá Kvívík í Færeyjum,

og heiðruðu minningu hennar. Sérstakar þakkir til hjúkrunar- og starfsfólks Sólvangs í Hafnarfirði fyrir kærleiksrika umönnun.

Gunnþór, Margrét Halldóra og Hjördís María Ingabörn.



Elskulegur eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Björn Hermannsson

fyrirverandi tollstjóri,
Hlíðarhúsum 3-5,
áður Álfamýri 39,

lést þriðjudaginn 13. mars. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 27. mars kl. 13.00.

Ragna Þorleifsdóttir

Þóra Björnsdóttir
Gústaf Adolf Björnsson
Hermann Björnsson
Jónas Björnsson

Jón H.B. Snorrason
Guðrún Gunnarsdóttir
Eiríka Ásgrímsdóttir
María Markúsdóttir
Hlín Brynjólfssdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

The logo for Menningarfélag Akureyrar (MAK), consisting of the letters 'MAK' in white on a purple square background.

MENNINGARFÉLAG
AKUREYRAR

MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR
Í SAMVINNU VIÐ LISTVINAFLAG HALLGRÍMSKIRKJU KYNNIR

J.S. BACH

MATTEUSAR PASSÍA

BWV 244

STJÓRNANDI HÖRÐUR ÁSKESSON

HALLGRÍMSKIRKJA REYKJAVÍK · FÖSTUDAGINN LANGA 30. MARS 2018 KL. 18
HOF AKUREYRI · SKÍRDAG 29. MARS 2018 KL. 16

FLYTJENDUR Á HEIMSMÆLIKVARÐA SAMEINAST UM FLUTNING Á ÞESSU STÓRKOSTLEGA MEISTARAVERKI
UM PÁSKANA ÁSAMT HYMNODIU, KAMMERKÓR NORÐURLANDS, STÚLKNAKÓR AKUREYRARKIRKJU; BARNA- OG UNGLINGAKÓR
HALLGRÍMSKIRKJU OG SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS




KRISTINN
SIGMUNDSSON
BASSI



HANNAH
MORRISON
SÓPRAN



VALDEMAR
VILLADSEN
TENÓR



HÖRÐUR
ÁSKESSON
STJÓRNANDI



ODDUR ARNÞÓR
JÓNSSON
BARITÓN



ELMAR
GILBERTSSON
TENÓR



HILDIGUNNUR
EINARSDÓTTIR
MEZZO SÓPRAN

MÍÐASALA


LISTVINAFLAG.IS | MÍÐASALA HALLGRÍMSKIRKJU | SÍMI 510 1000

MAK.IS | MÍÐASALA HOFIS | SÍMI 450 1000

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Suðaustan stormur suðvestan til á landinu í dag, en annars allhvas eða hvas vindur og snarpar vindhviður við fjöll. Éi suðaustan- og austanlands, rigning eða slydda allra vestast, en úrkomulítið fyrir norðan. Hiti 0 til 5 stig um landið sunnan- og vestanvert, annars um frostmark.



Þriðjudagur

Reykjavík 4° K 18	Ísafjörður 0° K 10	Akureyri 1° K 11
Egilsstaðir 1° K 11	Kirkjubæjarkl. 2° K 13	Hveravellir -2° K 15

Miðvikudagur

Reykjavík 5° K 13	Ísafjörður -0° K 9	Akureyri 2° K 6
Egilsstaðir 2° K 10	Kirkjubæjarkl. 4° K 14	Hveravellir -0° K 6

LÉTT

	8					3	1	
	9							4
	4	1	5	9			2	8
			8	1		6		
				6	2			
		2			4		3	
	7	6		8				
	9							
1	3	8	9	2	7			5

MIDLUNGS

			3	9	5			
			2				8	3
		5						6
5	4	6	2					
		3	4			2		
9	1			7			4	
1			8	6			2	
2		8						
	9					8		

PUNG

		4	9				7	
5	9					7	2	4
2							5	1
			2	3			1	5
		8						
1			4	6				
9								
		1	5	9			6	
4	3					8	7	

Krossgáta

LÁRÉTT

- skattur
- tímabils
- í röð
- spil
- tveir eins
- hryggur
- farandi
- skoðun
- smár
- kvk nafn

LÓDRÉTT

- merkjamál
- ríki í arabíu
- þei
- andaðar
- baknaga
- ibland
- mör
- áþekk
- tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15				16	
					17

LÁRÉTT: 1. tundra, 5. árs, 6. áb., 8. kashna, 10. nn, 11. bakala, 9. íbætt, 12. fitea, 14. lík, 16. líl.
LÓDRÉTT: 1. tákmal, 2. íran, 3. uss, 4. dhan, 7. bak, 12. faert, 13. ált, 15. líttill, 17. karta.

Skák

Gunnar Björnsson
Sergey Karjakin (2.763) átti leik gegn Fabiano Caruano (2.784) á áskorendamóttinu í skák.
Hvítur á leik
17. Bxd5! Bxd1 18. Hxd1 Dc7 19. c4. Griðarlega snjöll skiptamunnsfórni hjá Rússanum sem hélt vel á spöðunum og vann skákina í 43 leikjum. Karjakin er efstur ásamt Caruana þegar aðeins tveimur umferðum er ólokið.
www.skak.is: páskaeggjamót Hugins fer fram í dag.




2	9	8	3	6	1	5	7	4
7	5	1	8	2	4	9	6	3
3	6	4	5	7	9	1	8	2
9	1	6	4	3	7	2	5	8
4	7	2	6	8	5	3	1	9
5	8	3	9	1	2	6	4	7
6	2	9	1	4	8	7	3	5
8	3	5	7	9	6	4	2	1
1	4	7	2	5	3	8	9	6
3	4	9	8	7	1	6	5	2
5	7	8	6	4	2	9	3	1
1	2	6	9	3	5	7	4	8
6	8	3	1	9	4	5	2	7
2	5	4	3	6	7	1	8	9
7	9	1	2	5	8	3	6	4
4	3	2	7	1	6	8	9	5
8	6	7	5	2	9	4	1	3
9	1	5	4	8	3	2	7	6
4	2	5	1	3	9	6	7	8
6	8	3	7	2	4	9	1	5
7	9	1	5	6	8	2	4	3
9	6	8	2	4	5	1	3	7
1	3	2	6	8	7	5	9	4
5	4	7	9	1	3	8	6	2
8	5	4	3	9	6	7	2	1
2	7	9	4	5	1	3	8	6
3	1	6	8	7	2	4	5	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



PLUKKFIÐSKUR

HAFIÐ
FISKVERSLUN

Hlíðasmára • Spönginni • Skipholti

HUMAR

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ APP

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

SAMSUNG

Ekki erfitt að velja!

SAMSUNG

Ekta UHD 4K

UE43"MU6175.....kr. 99.900,-
 UE49"MU6175.....kr. 119.900,-
 UE55"MU6175.....kr. 129.900,-
 UE65"MU6175.....kr. 229.900,-

Öll þessi tæki hafa: Raunverulega UHD 4K myndvinnslu, þráðlaus samskipti um Bluetooth við Soundbar eða heyrnartól. Speglnun á mynd við önnur snjalltæki. Myndgæði 1300 PQI. Forðumst eftirlíkingar.



Þegar þú velur Samsung sjónvarp, velur þú tækni og gæði til framtíðar

SAMSUNG

QLED TV

Betra verð á öllum QLED tækjum - nú er rétti tíminn!

Q picture

Litur
Sýnir alla lití 100%

Contrast
Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

HDR 1500/2000
Sýnir nákvæmlega rétta lití

Sjónarhorn
Öll sætin eru bestu sætin

Q style

Ósýnilegar tengingar
Hannaðu umhverfið að vild

Engin skil
Fellur alveg að veggnum

Takmarkalaus 360° hönnun
Hvert smáatriði er þaulhugsað

Q smart

Ein fjarstýring
Afruglari, Netflix og Youtube
Allt í einni fjarstýringu

Smart view
Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

Smart Content
Fjölbreytt úrval efnisveita



Samsung QLED is Quantum dot based TV

65" QE65Q7C Verð áður 459.000,-
Verð nú 359.000,-



ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SAMSUNG

SETRIÐ

NÚ TIL HÚSA Í
LÁGMÚLA 8

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUBÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------	--

Hvað? Hvenær? Hvar?

Mánudagur

Hvar@frettabladid.is

26. MARS 2018

Uppákomur

Hvað? Kahootkvöld!

Hvenær? 20.00

Hvar? Loft Hosteli

Ungmennaráð UN Women heldur kahootkvöld. Kahoot er spurningaleikur þar sem spurningum og svarmöguleikum er varpað upp á skjá. Þátttakendur nota síðan snjallasíma til þess að taka þátt í leiknum og svara spurningunum. En engar áhyggjur ef þú átt ekki snjallasíma, þú getur verið í liði með öðrum einstakling/um með snjallasíma. Spurningarnar verða ekki af verri endanum en þær verða tengdar afrekum kvenna og öðrum kynjatengdum málefnum. Veglegir vinningar verða í boði fyrir efstu sætin.

Hvað? Come Talk Funny – English

Stand Up in Iceland

Hvenær? 21.00

Hvar? Gauknum

Come Talk Funny-uppistandskvöldin hafa fyrir löngu slegið í gegn. Þar koma fram uppistandarar og flytja sitt grín á ensku.

Hvað? Opinn tími í Dansgarðinum

Hvenær? 15.30

Hvar? Dansgarðinum, Grensásvegi
Dansgarðurinn býður upp á opna tíma frá deginum í dag til 30. mars í stúdíói Klassiska listdansskólans á Grensásvegi 14. Fjölbreytt prógramm í boði: Klassískur ballett með Yannier Jökli Oviedo, klassískur ballett með Ellen Margréti Bæhrenz og Contemporary/Floorwork með Díönu Rut Kristinsdóttur. Stakur tími kostar 2.000 krónur.

Hvað? Þáskabingó handknattleiks-

deildar Fylkis

Hvenær? 17.00

Hvar? Fylkisvelli

Fjáröflun fyrir handknattleiksdeild Fylkis í formi þáskabingós. Spjaldið kostar 750 en magnafsláttur er veittur ef tvö eða fleiri spjöld eru keypt! Góð skemmtun fyrir alla fjölskylduna!

Hvað? Þrjónahittingur

Hvenær? 20.00

Hvar? Midgard Base Camp, Hvolsvelli
Þeir sem hafa gaman af því að þrjóna eru velkomnir í Midgard Base Camp á Þrjónahitting. „Þar munum við þrjóna, spjalla og eiga notalega stund saman yfir rjúkandi kaffibolla, nú eða rauðvinsglasi. Hvort sem þú ert hokin/n af reynslu, byrjandi eða einungis forvitin/n um þrjónaskap þá ertu hjartanlega velkomin/n. Við munum taka vel á móti þér,“ segir í tilkynningu um viðburðinn.

Hvað? Spilakvöld

Hvenær? 19.00

Hvar? Stofunni Kaffihúsi, Vesturgötu

3

Gramsað á flóamarkaði



Það kenndi ýmissa grasa á flóamarkaði Kex og Co. sem haldinn var á Fiskislóð á laugardaginn og sunnudaginn. Ýmis húsgögn og stofustáss og aðrir skemmtilegir munir voru þar til sölu. Það eru því eflaust margir himinlifandi núna með kaupin sem gerð voru um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Stofan Kaffihús heldur spilakvöld í kvöld.

Stofan Kaffihús heldur spilakvöld á mánudögum. Allir velkomnir og hægt að koma með eigin spil eða fá lánuð þau spil sem Stofan á.

Tónlist

Hvað? Mánudjass

Hvenær? 21.00

Hvar? Húrra

Mánudjass er haldinn alla mánudaga á Húrra. Húsbandið spilar eitt sett og svo er sviðið opið og öllum velkomið að koma og spila,

syngja, dansa eða bara njóta tónlistarinnar með okkur á þessum dásemdardegi. Húsbandið skipar að þessu sinni Sölvi Kolbeinsson á saxófón, Hrafnkell Gauti Sigurðarson á gítar, Kristofer Rodriguez á trommur og Andri Guðmundsson á bassa.

Fundir

Hvað? Kynning á ferðapjónustu

Blindrafélagsins

Hvenær? 17.00

Hvar? Hamrahlíð 17, Reykjavík

Kynningarfundur á ferðapjónustusamningi Blindrafélagsins og Kópavogsbæjar. Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri Blindrafélagsins, kynnr ákvæði samningsins.

manna sem hafa dvalið og starfað í gestavinnustofum SÍM á Seljavegi og á Korpúlfsstöðum í mars 2018. Verkin á sýningunni eru ýmist afrakstur eða birtingarmynd rannsókna og vinnu listamanna sem hafa dvalið í mánuð eða lengur hér á landi. Listamennirnir koma frá öllum

heimsins hornum og vinna í ólíka miðla. Sýningin verður í SÍM salnum. Opnun er frá 17.00 til 18.00 og léttar veitingar og drykkir verða í boði. Sýningin verður einnig opin á morgun frá kl. 10.00-15.00. Listamennirnir verða allir viðstaddir opnunina til að ræða um verk sín.



Handknattleiksdeild Fylkis heldur þáskabingó í dag.

BIO ★ PARADIS		HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
The Florida Project	17:30	
The Shape Of Water	17:30, 22:30	
Andið eðlilega <small>ENG SUB.</small>	18:00	
Woman Of Mafia <small>ENG SUB.</small>	20:00	
Kobieta Sukcesu <small>ENG SUB.</small>	20:00, 22:15	
Loveless	20:00	
Spoor	22:30	

Sýningar

Hvað? Flock and Fold – SÍM guest artists exhibition

Hvenær? 17.00

Hvar? SÍM salnum, Hafnarstræti 17
Samsýning lista-



**Komin í
Vodafone PLAY**

LUOI

Horfðu þegar þér hentar

Tryggðu þér áskrift að Vodafone PLAY
í sjónvarpsviðmóti Vodafone, á vodafone.is
eða í síma 1414

Framtíðin er spennandi.

Ertu til?

 **vodafone**

DAGSKRÁ

Mánudagur



UM LAND ALLT

KL. 19:25

Kristján Már Unnarsson skoðar sveitirnar sem njóta aðdráttaravls Gullfoss og Geysis. Gullni hringurinn er orðinn eitt mesta vaxtarsvæði landsins. Ungu fólkíð flytur heim á ný, glæsihótel rísa og bændur taka fjósín og gróðurhúsin undir ferðamenn.

Magnað Mánudagskvöld

Fáðu þér áskrift á 365.is

BROTHER VS. BROTHER

KL. 20:05

Bræðurnir Jonathan og Drew eru mættir aftur á Stöð 2 þar sem þeir taka hús algerlega í gegn frá grunnni, hvor með sínu líði. Í lokin setja þeir húsin á sölu og sá sem græðir meira á sölnunni stendur uppi sem sigurvegari.



SHETLAND

KL. 20:45

Vandaðir breskir sakamálaþættir frá BBC um lögreglumanninn Jimmy Perez sem starfar á Hjaltlandseyjum og fær inn á borð til sín afar snúin sakamál. Íslensku leikararnir Arnmundur Björnsson og Jóhann G. Jóhannsson fara með stór hlutverk í þáttunum.



Lokaþáttur

S.W.A.T.

KL. 21:50

Við höldum áfram þar sem frá var horfið með þessa hörkuspennandi þætti um Daniel Harrelson og félagi í sérsvait lögreglunnar í Los Angeles.



Snýr aftur

THE PATH

KL. 22:30

Þrælgóðir þættir um Eddie Lane sem gekk í öfgafullan sértrúarsöfnuð. Hann er nú milli steins og sleggju því hann hefur kynnst spillingunni sem söfnuðinum fylgir.



YOU DON'T KNOW JACK

KL. 22:00

Dramatísk mynd um hinn mjög svo umdeilda dr. Jack Kevoorkian sem helgað hefur líf sitt baráttu fyrir líknardrápi. Aðalhlutverk leikur Al Pacino.



SKEMMTIPAKKINN

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.20 Kalli kanína og félagar
07.40 2 Broke Girls
08.05 The Middle
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Hell's Kitchen
10.20 Masterchef USA
11.00 Empire
11.45 Sælkerahemsreisa um Reykjavík
12.10 Kevin Can Wait
12.35 Nágrannar
12.55 American Idol
14.15 American Idol
15.40 American Idol
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen Skemmtilegur spjallþáttur með hinni einu og sönnu Ellen DeGeneres sem fær til sín góða gesti og slær á létta strengi. Þættirnir eru með þeim vinælstu í sinni röð um allan heim enda hefur Ellen einstakt lag á gestum sínum og nær að skapa einstakt andrúmsloft í salnum sem skilar sér beint til áhorfenda heima í stofu.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakinn
19.20 Fréttayfirlit og veður
19.25 Um land allt
20.00 Brother vs. Brother
20.45 Shetland
21.45 S.W.A.T.
22.30 The Path Þriðja syrpa þessarar dramatisku þáttaraðar með Aaron Paul (Breaking Bad) í hlutverki Eddies Lane sem kynntist kenningum sértrúarsöfnuðar og sögaðist inn í heim trúar og öfga. Hann er nú milli steins og sleggju þegar kemur að söfnuðinum því hann er hlynntur félagsskapnum en á móti trúaröfgunum og spilligunni sem hann uppgötvaði að honum fylgdi.
23.20 Lucifer
00.05 60 Minutes Vandaður þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimspekt fólk.
00.50 Gone
01.30 Unsolved. The Murders of Tupac and the Notorious B.I.G.
02.15 Blindspot
03.00 Strike Back
03.45 Bones
04.30 The Deuce
05.30 Notorious

STÖÐ 2 SPORT

09.10 Haukar - Valur
10.40 Stjarnan - FH
12.10 Milwaukee Bucks - San Antonio Spurs
14.05 Úrslitakeppni
15.45 Haukar - Valur
17.15 Stjarnan - FH
18.35 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur
19.00 Dominos deild karla
21.00 Domino's körfuboltakvöld
22.40 Seinni bylgjan

STÖÐ 2 SPORT 2

10.40 Domino's körfuboltakvöld
12.20 Skallagrímur - Stjarnan
14.00 Seinni bylgjan
15.35 Milwaukee Bucks - San Antonio Spurs
20.00 Seinni bylgjan
21.35 Dominos deild karla
23.15 Domino's körfuboltakvöld

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

STÖÐ 3

08.00 Hugh's War on Waste
09.00 Hugh's War on Waste
10.00 Hugh's War on Waste
11.00 Landhelgisgæslan
11.20 Landhelgisgæslan
11.45 Landhelgisgæslan
12.10 Landhelgisgæslan
12.30 Landhelgisgæslan
12.55 Leitinn að uppruninum
13.40 Leitinn að uppruninum
14.25 Leitinn að uppruninum
15.50 Leitinn að uppruninum
16.30 Leitinn að uppruninum
17.10 Leitinn að uppruninum
18.05 Anger Management
18.30 Last Man Standing
18.55 Entourage
19.30 Catastrophe
20.00 Seinfeld
20.25 Friends
20.50 Silicon Valley
21.20 American Horror Story. Cult
22.10 The Last Ship
22.55 iZombie
23.40 Supernatural
01.00 Catastrophe
01.30 Seinfeld
01.55 Friends
02.20 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Strumparnir
07.25 Hvellur keppnisbill
07.37 Ævintýraferðin
07.49 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Stóri og Litli
08.13 Víkingurinn Viggó
08.27 Zigby
08.38 Mæja býfluga
08.50 Kormákur
09.00 Dóra könnuður
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.47 Doddi litli og Eyrnastór
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveinsson
10.49 Lalli
10.55 Mamma Mu
11.00 Strumparnir
11.25 Hvellur keppnisbill
11.37 Ævintýraferðin
11.49 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Stóri og Litli
12.13 Víkingurinn Viggó
12.27 Zigby
12.38 Mæja býfluga
12.50 Kormákur
13.00 Dóra könnuður
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.47 Doddi litli og Eyrnastór
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveinsson
14.49 Lalli
14.55 Mamma Mu
15.00 Strumparnir
15.25 Hvellur keppnisbill
15.37 Ævintýraferðin
15.49 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Stóri og Litli
16.13 Víkingurinn Viggó
16.27 Zigby
16.38 Mæja býfluga
16.50 Kormákur
17.00 Dóra könnuður
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.47 Doddi litli og Eyrnastór
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveinsson
18.49 Lalli
18.55 Mamma Mu
19.00 Gnómeó og Júlía

GOLFSTÖÐIN

08.00 Kia Classic
11.00 Inside the PGA Tour
11.25 WGC. Dell Match Play
19.25 PGA Highlights
20.20 Kia Classic
23.20 PGA Highlights

STÖÐ 2 BÍÓ

10.00 Trip to Italy
11.50 A Little Chaos
13.45 Fantastic Beasts and Where to Find Them Mögnuð ævintýrmynd frá 2016 úr smiðju J.K. Rowling með stórgóðum leikurum. Þegar galdrapilturinn og fræðimaðurinn Newt Scamander kemur til New York árið 1926 í leit að töfraverum sem hann hefur einsett sér að rannsaka og bjarga þegar það á við veit hann ekki að stórhættuleg og kraftmikil vá vofir yfir borginni.
15.55 Trip to Italy
17.45 A Little Chaos
19.45 Fantastic Beasts and Where to Find Them
22.00 You Don't Know Jack
00.15 For Those in Peril Vönduð og áhrifamikil verðlaunamynd frá 2013.
01.50 Warcraft
03.50 You Don't Know Jack

RÚV

08.00 KrakkaRÚV
10.30 Fólkíð í blokkinni
11.00 Billionaire Boy
12.05 Shakespeare beint af fjölunum
14.30 Sagan bak við smellinn - Viva la Vida - Coldplay
15.00 Draumurinn um veginn
16.50 Silfrið
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Elías
18.12 Letibjörn og læmingjarnir
18.19 Alvin og ikornarnir
18.30 Milly spyr
18.37 Uss-Uss!
18.48 Gula treyjan
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Hafíð, bláa hafíð
20.50 Hafíð, bláa hafíð. Á tókustað
21.10 Sýknaður
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Saga HM. Vestur-Þýskaland 1974
23.55 Kastljós
00.10 Menningin
00.15 Dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 King of Queens
08.25 Dr. Phil
09.05 The Tonight Show
09.45 The Late Late Show
10.25 Síminn + Spotify
13.10 Dr. Phil
13.50 Superior Donuts
14.15 Scorpion
15.00 Speechless
15.25 Will & Grace
15.45 Læknirinn á Ítalíu
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 Playing House
20.10 Jane the Virgin
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Blue Bloods
22.35 Snowfall
23.25 The Tonight Show
00.45 CSI
01.30 Madam Secretary
02.15 This is Us
03.05 The Gifted
04.35 Ray Donovan
05.25 Síminn + Spotify

Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-iðFM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

GUDJOHNSEN



ÖLL ÞÁTTARÖÐIN ER KOMIN

Í Sjónvarp Símans Premium

Æskufélagarnir Eiður Smári og Sveppi rekja fótboltaferil Eiðs allt frá upphafsárunum í Breiðholtiinu. Þeir heimsækja mörg stærstu félagsliða heims og rifja upp skemmtilegar sögur af mögnuðum ferli.

ICELANDAIR 

PÓSTURINN 



Fræga fólkið berst fyrir hertum byssulögum

Fræga fólkið lagið baráttunni fyrir hertri byssulöggjöf í Bandaríkjunum lið í kröfugöngum sem haldnar voru í Washington og Los Angeles um helgina undir yfirskriftinni March for Our Lives. Það voru nemendur úr Stoneman Douglas-framhaldsskólanum í Flórída sem skipulögðu gönguna til að krefjast breytinga á skotvopnalöggjöf en sautján skólafélagar þeirra og starfsmenn skólans féllu í skotárás í febrúar. Demi Lovato, Kim Kardashian, Cher, George Clooney og Amy Schumer voru meðal þeirra sem tóku þátt.



Leikararnir Olivia Wilde og Jason Sudeikis létu sitt ekki eftir liggja.



Jaden Smith, Kendall Jenner og Hailey Baldwin tóku þátt í March For Our Lives í Los Angeles.



Miley Cyrus beitti sér fyrir breytingum á byssulöggjöfinni.



North, dóttir Kim og Kanye, mætti með foreldrum sínum.



Kim Kardashian og Kanye West tóku þátt í kröfugöngunni.



Amy Schumer hvatti yfirvöld til að endurskoða úrelt byssulög.



Söngkonan Rita Ora tók þátt í Los Angeles.



Söngkonan Cher sýndi nemendum úr Stoneman Douglas-framhaldsskólanum stuðning.



Demi Lovato lét gott af sér leiða og söng fyrir viðstadda á March For Our Lives í Washington. NORDICPHOTOS/GETTY



George og Amal Clooney létu sig ekki vanta.



Chrissy Teigan er hætt að nota Snapchat. NORDICPHOTOS/GETTY

Hætt á Snapchat

Smáforritið Snapchat hefur átt undir högg að sækja eftir að nokkrir áhrifavaldar tjáðu sig um að forritið væri ekki að gera góða hluti þessa dagana. Nýjasta dæmið er fyrirsætan Chrissy Teigen en hún greindi frá því á Twitter um helgina að hún væri hætt að nota Snapchat. Ástæðan mun vera sú að nýjasta uppfærsla Snapchat sem gerð var í febrúar truflar hana, eins og svo marga aðra. Teigen greindi frá því að fylgjendur hennar ættu erfitt með að finna efnið sem hún birtir eftir að forritinu var breytt. Hún hefur hingað til talað opinskipt um óánægju sína með breytingar á forritinu en um helgina gafst hún upp. Teigen er ekki fyrsta stjarnan sem gefst upp á Snapchat því í seinasta mánuði hrundi gengi bréfa í tækni-fyrirtækinu Snap um 7,2 prósent eftir að raunveruleikastjarnan Kylie Jenner fór ófögum orðum um nýjstu uppfærsluna. – gha



Heldur brúðkaup á afmælinu

Fregnir herma að leikkonan Courteney Cox og írski gítar-leikarinn Johnny McDaid ætli að gifta sig í sumar. Samkvæmt slúðurtímaritinu Closer eru skötu-hjúin að plana brúðkaup í borginni Derry í Írlandi, þaðan sem McDaid er. Brúðkaupið er sagt verða haldið þann 15. júní sem er afmælisdagur Cox, þá mun hún fagna 54 ára afmæli. Cox og McDaid hafa verið saman síðan í desember árið 2013 en þau trúlofuðu sig árið 2015. Þess má geta að þetta verður annað hjónaband Cox en hún var gift leikaranum David Arquette frá árinu 1999 til ársins 2013. Þau eiga saman eina dóttur. – gha



Frægir í nærmynd Gucci

Nafn: Guccio Gucci
Starf: Fatahönnuður
Fæddur: 26. mars 1881
Maki: Aida Calvelli
Börn: Sex talsins
Það var á þessum degi árið 1881 sem fatahönnuðurinn Guccio Gucci fæddist í Flórens á Ítalíu en hann stofnaði Gucci sem er í dag eitt þekktasta tískuhús heims. Faðir Gucci var handverksmaður sem vann úr leðri og þaðan fékk Gucci meðal annars innblástur til að sérhæfa sig í að hanna ferðatöskur og fylgihluti úr leðri. Hann stofnaði svo Gucci árið 1921 sem var í upphafi lítið fjöl-



skyldufyrirtæki. Í byrjun voru knapar hans helstu viðskiptavinir. Hann var fljótur að skapa sér nafn í bransanum og varð þekktur fyrir vandaðar vörur og fallett hand-

verk. Smátt og smátt komst fyrirtækið á flug og Gucci réði nokkra handverksmenn í vinnu til sín. Árið 1953 var Gucci orðið afar vinsælt merki og fyrsta Gucci-verslunin utan Ítalíu var opnuð í New York. Gucci átti sex börn og fjögur þeirra unnu hjá honum. Á seinni árum bjó Gucci ásamt eiginkonu sinni, Aidu Calvelli, á Englandi. Gucci lést í janúar árið 1952, þá 71 árs. Í dag ættu flestir að kannast við Gucci og vörumerki hans en tískuhús Gucci er enn þann dag í dag þekktast fyrir fylgihluti úr leðri, svo sem belti, töskur og skó.

TILBOÐ TIL PÁSKA

FRÁBÆRAR FERMINGARGJAFIR Á TILBOÐI TIL PÁSKA

TILBOÐ TIL PÁSKA
VERÐ ÁÐUR 199.990

GTX 1050Ti
4GB með 768 CUDA örgjörvum
INTEL i7 7700HQ
3.8GHz Turbo Quad Core örgjörvi
8GB minni
DDR4 2400MHz
512GB SSD
NVMe diskur

Leikja Skjåkort
4GB GTX 1050Ti með 768 CUDA örgjörvum

PREDATOR

TILBOÐ TIL PÁSKA
VERÐ ÁÐUR 49.990

24" 144Hz FHD
1920x1080, 1ms, Black eQualizer

ZOWIE
a brand by BenQ

TILBOÐ TIL PÁSKA
VERÐ ÁÐUR 149.990

IPHONE SE 32GB
Tilboð til páska, verð áður 54.990
44.990

IPHONE 8 64GB
Tilboð til páska, verð áður 107.990
99.990

iPhone

PREDATOR 300
Lúxus fartölva úr leikjalínu Acer með i7 örgjörva og 4GB GTX 1050Ti leikjaskjåkorti

189.990

Öflug leikjavél með Aero Blade kælingu

ZOWIE XL2411P
144Hz leikjaskjárnir fyrir atvinnuspilarana. FPS mode og Game Mode loader fyrir leiki

44.990

144Hz leikjaskjárn með FHD upplausn

IPHONE X 64GB
Nýjasta útgáfa af hinum ofurvinsæla iPhone með betri skjá, meiri hraða og flottari myndavél

134.990

5.8" OLED skjár sem nær á jafnar símans!

RYZEN

GTX1050 SKJÁKORT
2GB GDDR5 7.0GHz 640 Cores
AMD RYZEN 3 2200G
3.7GHz Turbo Quad Core örgjörvi
8GB minni
DDR4 3000MHz
256GB SSD
M.2 diskur

TILBOÐ TIL PÁSKA
VERÐ ÁÐUR 149.990

TILBOÐ TIL PÁSKA
VERÐ ÁÐUR 89.990

55" 4K
NETFLIX

TILBOÐ TIL PÁSKA
VERÐ ÁÐUR 21.990

DUCKY
Channel

LASER TÍSKORID OG UPPLÝST ÍSLENSKT LETUR

GAMING 1
Leikjaturm með Gaming móðurborði og skjákorti

129.990

55" SNJALLSJÓNVARP
Stórglæsilegt Salora 4K HDR WiFi snjallsjónvarp

79.990

DUCKY ONE2
Nýtt og endurbætt, 4 gerðir Cherry MX Switches fánlegar

19.990

25% AFSLÁTTUR

STAR WARS DRÓNAR

20% AFSLÁTTUR

KOSS HEYRNARTÓL

30% AFSLÁTTUR

HERSCHEL TÖSKUR

20% AFSLÁTTUR

T&V HÁTALARAR

20% AFSLÁTTUR

LEIKJASTÓLAR

TÖLVUTEK

Reykjavík · Hallarmúla 2 · 563 6900 | Akureyri · Undirhlíð 2 · 430 6900

OPNUNARTÍMAR

Mán-Miðvikudag
10:00 - 18:00
Fimmtu-Föstudag
Lokað
Laugardag
11:00 - 16:00

mistral
home

Fullt verð: 8.900 kr.

FERMINGARTILBOÐ
aðeins 6.900 kr.NÝ SENDING
ENN MEIRA ÚRVALwww.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF
OPINMISTRAL HOME
SÆNGURFÖT

Sængurfötin frá Mistral home eru úr bómullarsatíni, með vönduðum hnöppum. Þau eru ofin úr 300 gsm bómullarþræði sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mýkt.



REGENCY SCOTT - taupe-red



COLOURBLOCK - greyge



DIYANA - coral



REGENCY SCOTT - soft-blue




VOID - pearl-white



CASSINI - black-white



ALTO - greige-blue



WILLIAM - taupe-pink



DIYANA - coral



REGENCY SCOTT - soft-blue



CARREAU - blue-silver



UNI - purple/optical white/ivory/grey



Ingibjörg hefur verið dugleg að gera tilraunir með útliti síðan hún var unglingur.

Skilur alveg af hverju
fólk starir á hana

Ingibjörg Eyfjörð er óhrædd við að vera öðruvísi og eltist ekki við tiskustrauma. Hún segir gjarnan starað á sig vegna útlits og skilur það vel. Einu sinni var hún viss um að fólk væri að dæma hana.

Það er óhætt að segja að bloggarinn Ingibjörg Eyfjörð Hólmgeirsdóttir sé óhrædd við að vera öðruvísi í útliti. Hún var í kringum 14 ára þegar hún fór að gera tilraunir með óvenjulega háraliti, förðun og öðruvísi klæðnað. Í dag er hún 26 ára og hefur á þessum 12 árum breytt reglulega til og gert ýmsar tilraunir í hári, förðun og klæðnaði án þess að eltast við tiskustrauma.

„Það er svo gaman að breyta til og finna það sem hentar manni best. Þetta hefur verið partur af því að finna sjálfa mig,“ segir Ingibjörg. Spurd út í hvort hún sé búin að finna stílinn sem henti henni best eftir öll þessi ár í tilraunastarfsemi segir hún: „Já, eins og ég er núna fer mér best. Með bleikt hár og bleikar augabrúnir... ég er reyndar ekki með augabrúnir akkúrat núna. En bleika hárið, það er komið til að vera.“

Í gegnum árin hefur Ingibjörg fengið óteljandi augngotur frá ókunnugu fólki vegna óvenjulegs útlits hennar að eigin sögn. Hún kveðst hafa tálkað það sem fordóma til að byrja með en í dag er hún viss um að fólk sé að horfa vegna þess að það er áhugasamt.

„Fólk er bara forvitnið. Það gerðist ekki neitt sem breytti viðhorfi mínu, ég var bókstaflega bara að keyra heim úr búðinni og þá allt í einu áttaði ég mig á þessu. Þetta nýja viðhorf mitt hefur svo breytt því hvernig ég bregst við þegar fólk horfir á mig. Áður fyrr var ég viss um að fólk væri að dæma mig en mér líður ekki þannig núna. Og ég skil alveg fólk sem starir, það er ekki á hverjum degi sem maður sér einhvern með bleikt hár, lokka í andlitinu og engar augabrúnir,“ útskýrir Ingibjörg.



Einu sinni var Ingibjörg hrædd um að fólk væri að dæma hana eftir útliti en í dag líður henni ekki þannig. Hún segir það hafa vera mikinn létti þegar viðhorf hennar breyttist og hún hætti að hafa áhyggjur af hvað öðrum finnst.

**NÚNA FINNST MÉR
ALVEG GAMAN ÞEGAR
FÓLK NÁNAST STOPPAR TIL AÐ
HORFA.**

Hún segir það hafa verið mikinn létti þegar viðhorf hennar breyttist. „Það var gott þegar áhyggjur mínar minnkuðu. Ég var alltaf að velta fyrir mér hvort fólk væri að hugsa hitt og þetta. Ég var líka með áhyggjur af því að fólk heldi að ég væri stóra systir barnanna minna. En það er alveg farið.“

Ingibjörg viðurkennir þó að henni þyki svolítið gaman að sjokkera með óvenjulegu útliti. „Ég hef alltaf verið svoleiðis og ég held að það sé ekki að fara að breytast. Núna finnst mér alveg gaman þegar fólk nánast stoppar til að horfa.“

Ingibjörg er tveggja barna móðir, hún segir börnin hafa gaman af stíl mómmu sinnar. „Þeim þykir þetta skemmtilegt. Dóttir mín fékk meira að segja sjálf bleikt hár um daginn, hún er tæplega tveggja ára. Og sonur minn vill stundum vera með lokki í nefinu eins og ég, ég á gervilokk sem hann fær stundum. Þeim finnst þetta svo spennandi en á sama tíma alveg eðlilegt því ég hef alltaf verið svona,“ segir hún glöð í bragði.

Ingibjörn reiknar með að hún muni ekki breytast í brád þó að hún finni fyrir að sumir séu að bíða eftir að hún vaxi upp úr tilraunastarfseminni. „Ég fæ alveg reglulega spurningu um hvenær ég ætli nú að fara að hætta þessu. En ég verð örugglega enn þá með litríkt hár og hress eftir 30 ár, það held ég.“

gudnyhronn@frettabladid.is

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.isHoltgördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, ÍsafirðiDORMA
Láttu drauminn ræstast

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Elmar Hallgríms Hallgrímsson elmar@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Jón Ivar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ólafur H. Hákonarson olafurh@frettabladid.is, Máté Dalmay mate@frettabladid.is FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is og Ragnheiður Tryggvadóttir heid@frettabladid.is RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir annarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is

DÚNDURFRÉTTIR
PINK FLOYD

THE
DARK
SIDE OF
THE MOON
45

ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

ELDBORG 7. APRÍL | HOF 18. APRÍL

MÍÐASALA Á HARPA.IS · TIX.IS · MAK.IS · 528 50 50



BAKÞANKAR

Láru G.
Sigurðardóttur



Hnarrreist um stund

Ég var nýverið stödd í lækniheimsókn með drengina mína í Kaliforníu, þar sem þeir eru að innritast í skóla. Þá rann upp fyrir mér að ég ætlaði fyrir löngu að vera búin að láta bólusetja þá gegn HPV-veirunni. Ég reyndi að réttlæta hugsunarleysið með annríkum stundum daglegs lífs – þó að ég vissi innst inni að þetta væri hreinn og beinn trassaskapur.

Ég myndi seint fyrirgefa sjálfri mér ef barnið mitt greindist með sjúkdóm sem hefði verið hægt að fyrirbyggja. Hafandi starfað við rannsóknir á árangri bóluefnis gegn HPV tel ég að strákum eigi að gefast kostur á slíkri bólusetningu jafnt sem stúlkum. Karlar geta greinst með krabbamein af völdum HPV þó það sé fátíðara en hjá konum.

Talsverðu fargi var því af mér létt þegar drengjunum var boðin bólusetning gegn 9 stofnum af HPV-veirunni (stofnum sem valda kynfæravörtum og krabbameini) í umræddri lækniheimsókn. Þeim var einnig boðin bólusetning gegn lifrabólguveiru A og B, sem ég þáði auðmjúk.

Því þegar öllu er á botninn hvolft þá hafa bólusetningar útrýmt eða haldið í skefjum fjölmörgum sjúkdómum sem hér áður fyrr leiddu til ótimabærra dauðsfalla eða örkuðla. Í Bandaríkjunum greinast um 12.000 karlar með HPV-tengd krabbamein á hverju ári. Ef við heimfærum þessar tölur gerir það um tólf karla á Íslandi. Eitt tilfelli, sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir, er einu tilfelli of mikið.

Á Íslandi væri ég líklega enn á leiðinni að láta bólusetja drengina en nú geng ég hnarrreist yfir því að hafa gert það sem í mínu valdi stendur til að minnka líkur þeirra á að fá lífshættulegan sjúkdóm. Þangað til ég man eftir einhverju öðru sem ég hef gleymt.



DROTTNINGAR-DAGAR KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ!

Allt að 40% afsláttur af rúmum í Queen-stærð.

VERÐ FRÁ 85.184 kr.

- dýna, botn og fætur.

Stakar dýnur í Queen-stærð

VERÐ FRÁ 39.250 kr.

ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR

AF RÚMUM Í QUEEN-STÆRÐ
153X203 CM

FERMINGARTILBOÐ

ROYAL CORINNA

120x200 cm



TILBOÐSVERÐ
73.524 kr.
FULLT VERÐ 98.032 kr.

25% Afsláttur
og gjöf fylgir!

ROYAL LAYLA

120x200 cm



TILBOÐSVERÐ
95.426 kr.
FULLT VERÐ 127.354 kr.

25% Afsláttur
og gjöf fylgir!



Headdemock Fatboy

Æðislegt hengirúm fyrir rúmlega einn.
VERÐ 47.886 kr.
Fáanlegt í 16 litum

Fatboy Junior púði

VERÐ 17.727 kr.
Minni útgáfa af hinum eina sanna Original púðanum okkar.

Edison The Petit

Snilldarlampi sem endist. Með þremur birtustillingum. Fáguð hönnun.
VERÐ 7.580 kr.

Fatboy Original

Púði sem lagar sig að þér.

VERÐ 23.650 kr.

Sterkt nælonefnið er nánast ekki hægt að eyðileggja..



fatboy

Þjódum upp á allt að 12 mánaða vaxtalausar greiðslur og fyrstu greiðslu í júní. Einnig er hægt að greiða með Netgíró.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955
rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is



Opíð allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ IS